

Sp. 47.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 23. október 1980.)

Inngangur

Í 2. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála er ákveðið, að fyrir hvert reglulegt Alþingi skuli ríkisstjórnin leggja skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir árið, sem í hönd fer. Fyrsta skýrslan samkvæmt þessum lögum var lögð fram á 101. þingi hinn 11. október 1979, en vegna þingrofs og nýrra kosninga raskaðist gangur þingmála, svo umræða um hana fór ekki fram.

Skýrslan, sem hér er lögð fram, er því hin önnur í röðinni skv. lögum nr. 13/1979. Skýrslan skiptist í þrjú hluta. Í hinum fyrsta er gerð grein fyrir helstu markmiðum og viðfangsefnum stefnunnar í efnahagsmálum árin 1980 og 1981. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir almennri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þeim ráðstöfunum, sem hún hyggst beita til að ná þeim markmiðum, sem sett eru fyrir næsta og næstu ár. Í þriðja hlutanum er loks fjallað um ástand og horfur í efnahagsmálum eins og það virðist fyrir liðandi og komandi ár í september 1980.

Með þjóðhagsáætluninni er lagður grundvöllur að umræðum og ákvörðunum í efnahagsmálum og eru fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 reist á sömu meginforsendum um ráðstafanir í efnahagsmálum.

I.

Markmið og viðfangsefni.

Það er alkunna, að víðtæk samstaða virðist á síðari árum um það, hver vera skuli í almennum atvöldum markmið efnahagsstefnunnar, þótt ágreiningur sé um leiðir að settu marki.

Í 1. gr. laga nr. 13/1979 um efnahagsmál segir: „Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings.“

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, frá 8. febrúar 1980, segir: „Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.“

Pegar ríkisstjórnin var mynduð voru verðbólga innanlands og versnandi viðskiptakjör helstu vandamálín á sviði almennra efnahagsmála. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar miðaðist við þennan tvíþætta vanda. Jafnframt kom sú skoðun skýrt fram af hennar hálfu, að ráðstafanir til þess að snúast við vandanum yrðu að miðast við alllangt tímabil eða um þrjú ár, til þess að verulegs árangurs væri að vænta. Þetta á ekki sist við um baráttuna gegn verðbólgunni, sem er eitt brýnasta viðfangsefni stefnunnar í efnahagsmálum.

Hér á eftir verður lýst helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta og næstu árum og þeim viðfangsefnum, sem þessi markmið og ástand og horfur í efnahagsmálum eins og lýst er í þriðja hluta skýrslunnar, fela í sér.

1. Atvinnuöryggi.

Næg og örugg atvinna er meginviðmiðun stefnu ríkisstjórnarinnar. Atvinnuástand hefur verið gott á árinu 1980 og ekki að sjá almennar breytingar í þeim efnunum. Rekstrarörðugleikar í sjávarútvegi og erfiðleikar í rekstri Flugleiða valda því hins vegar, að nokkur óvissa ríkir í atvinnumálum þessara mikilvægu starfsgreina. Undirrót þessara erfiðleika er að hluta sam-

eiginleg, þ. e. stórhækkun á eldsneytiskostnaði á sama tíma og verðlag erlendis, sem ræður tekjum þessara útflutningsgreina, hefur ekki hækkað til jafns við annað verðlag í heiminum — og reyndar lækkad í sumum dæmum — og jafnframt hefur samdráttur í efnahagsstarfsemi viðskiptalanda valdið samdrætti í sölu og harðnandi samkeppni. Við þessi örðugu ytri skilyrði er hin mikla hækkun kostnaðar hér innanlands að undanfögnu þessum greinum ofviða og ógnar atvinnuöryggi fjölda fólks. Við þessum vandamálum hefur stjórnin þegar snúist með ráðstöfunum á þessu hausti, en þörf er frekari aðgerða á næstunni til þess að tryggja atvinnuna á næsta ári.

2. Hjöðnun verðbólgu.

Ríkisstjórnin mun vinna skipulega að hjöðnun verðbólgu.

Þegar ríkisstjórnin tók við í ársbyrjun 1980 var verðbólgan um og yfir 60% miðað við tólf mánaða tímabil. Verðbólguvandinn hefur ekki meiri verið í annan tíma, ef frá eru talin styrjaldarár. Horfur virðast nú þær, að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði yfir 50%. Þannig hefur nokkuð miðað til réttar áttar, en enn er verðbólgan alltof mikil og árangurinn seintekinn. Ríkisstjórnin mun því miða ráðstafanir í efnahagsmálum við það, að ná á næsta ári stærra skrefi í átt að settu marki en næst á þessu ári. Það verður hins vegar torsótt, ef jafnframt á að tryggja nóga og örugga atvinnu, og til þarf samstarf ríkisins og annarra áhrifaaðila í hagkerfinu.

Eins og kunnugt er hefur verðbólga farið vaxandi í flestum löndum heims að undanfögnu. Verð á innfluttum vörum til Íslands reiknað í erlendri mynt hækkadi til að mynda um nærri 20% 1979, og talið er, að það muni hækka um 12—14% á þessu ári. Hér er um ákaflega mikla innflutta verðbólgu að ræða miðað við reynslu síðustu ára og áratuga. Innflutningsverð hefur þannig hækkad um samtals 36% á tveimur árum. Þetta er álíka mikil hækkun og varð á öllu tímabilinu frá 1960 til 1973. Þessi aðsteðjandi verðbólguvandi gerir glímuna við verðbólguna hér heima fyrir miklu torsóttari en ella, ekki síst þegar saman fer, að hækkun verðs á íslenskum útflutningsafurðum er miklu minni en á innfluttum vörum. Telja má, að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar sé á bilinu 10—20% á ári. Viðfangsefni stefnunnar í efnahagsmálum hér á landi er því að koma verðhækkunum úr 60% á ári eins og þær voru, þegar ríkisstjórnin tók við, niður í hæfilegt mark á næstu árum.

Ríkisstjórnin setur sér það mark að ná verulegum áfanga í þessum efnum á næsta ári og minnka muninn á verðbólguhraða á Íslandi og í öðrum löndum. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1981 er á þessu byggt.

3. Kjaramál.

Á undanfögnu árum hafa staðið sífelldar deilur um launa- og kjaramál. Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að leysa þessi mál með samstarfi og samráði. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það sé verkefni samtaka launamanna og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Til þess að stuðla að gerð kjarasamninga, sem samrýmst geta hjöðnun verðbólgu í áföngum og þeirri stefnu að jafna lífskjör og bæta lífskjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu, mun ríkisstjórnin bæta félagslega þjónustu og lífeyrisréttindi og stefna að lækkun skatta þeirra, sem lægstar tekjur hafa.

Áhersla verður lögð á að tryggja núverandi kjör sem best og stuðla að réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu um leið og grundvöllur er lagður að batnandi lífskjörum í framtíðinni.

4. Jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.

Horfur í utanríkisviðskiptum eru nú þannig, að á þessu ári stefni í nokkurn halla á viðskiptajöfnuði, eða um 46 milljarða króna, sem er nálægt 3½% af þjóðarframleiðslu. Hallinn stafar fyrst og fremst af halla á þjónustuviðskiptum, vegna vaxtagreiðslna af erlendum lánnum og erfiðleika í flugrekstri. Á árinu 1980 er innflutningur á flugvélum og fjárfestingarvörum vegna

stórframkvæmda óvenju mikil. Með tilliti til þess er í reynd ekki um halla á vöruskiptum að ræða, en ef vel á að vera þarf að vera afgangur á vöruskiptareikningi vegna greiðslubyrði af erlendum lánunum. Efnahagsstefnan mun miðast við það að draga verulega úr viðskiptahallanum á næsta ári.

5. Jafnvægi í byggð landsins.

Ríkisstjórnin mun fylgja ákveðinni byggðastefnu. Markmið hennar er að stuðla að æskilegu jafnvægi í byggð landsins. Í þessu skyni mun ríkisstjórnin beita sér fyrir ráðstöfunum á sviði atvinnumála, ekki síst á sviði iðnþróunar bæði í hefðbundnum og nýjum greinum. Aðrir þættir í þjóðlífinu svo sem heilbrigðis-, menningar- og félagsmál fléttast að sjálfsögðu í þessa byggðastefnu.

6. Hagur atvinnuvega — vöxtur framleiðslu.

Rekstrargrundvöllur og samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega verði tryggð sem best og stefnt að nokkurri aukningu framleiðslu 1981 og hagvexti í framtíðinni.

Fyrstu fjögur atriðin, sem rakin voru hér að framan, varða einkum viðfangsefni efnahagsstefnunnar til skamms tíma lítið, eða eins til tveggja ára. En um leið og gripið er til samræmdra ráðstafana til þess að tryggja viðunandi árangur í efnahagsmálum á þessu og næsta ári, þarf að líta til lengri framtíðar og búa í haginn fyrir varanlegar framfarir í atvinnulífi landsmanna og þjóðmálum yfirleitt.

Á síðustu árum hefur fjöldi þeirra, sem flytjast af landi brott umfram hina, sem til landsins flytjast, virst fara nokkuð vaxandi. Yfirlit yfir fjölda brottfluttra umfram aðflutta sýnir, að um áraraddir hefur ávallt verið einhver brottflutningur umfram aðflutning. Að einhverju leyti er skýringin án efa einfaldlega sú, að héðan flytjast þeir, sem flytja vilja, en aftur á móti hafa íslensk stjórnvöld jafnan verið aðhaldssöm að leyfa innflutning fólks. Vera má og, að skýringa á brottflutningi á síðari árum sé að nokkru að leita í breyttum skráningaraðferðum, greiðari aðgangi Íslendinga að atvinnu og lýðréttindum á Norðurlöndum og meiri hreyfingum fólks á milli landa yfirleitt. Engu að síður er þessi þróun umhugsunarefni.

Ef lítið er yfir tölur Hagstofunnar um flutninga fólks að og úr landinu síðustu tvo áratugi og þeim skipt í fjögur fimm ára tímabil, fæst eftirfarandi mynd:

1. Árin 1961—1965 var tala brottfluttra umfram aðflutta 1061, eða sem svarar 0,1% á ári af fólksfjölda.
2. Árin 1966—1970 var tala brottfluttra umfram aðflutta 3252, eða sem svarar 0,3% á ári af fólksfjölda.
3. Árin 1971—1975 var tala brottfluttra umfram aðflutta aðeins 21, eða hverfandi í samamburði við fólksfjölda.
4. Árin 1976—1980 má ætla, að tala brottfluttra umfram aðflutta verði 3800—3900, og er þá talan fyrir árið 1980 að sjálfsögðu áætluð. Brottflutningur á síðari helmingi áttunda áratugarins yrði því um 0,3% á ári af fólksfjölda, eða líkt og árin 1966—1970.

Eins og þetta yfirlit ber með sér virðist brottflutningur svipaður árin 1976—1980 og árin 1966—1970, og mun meiri en varð á fyrri hluta beggja áratuganna. Í bæði skiptin verður brottflutningurinn aðallega á tveimur árum í kjölfar afturkipps í efnahagsmálum hér á landi, í fyrra skiptið eru árin 1969 og 1970 mikil brottflutningsár og í síðara skiptið árin 1976 og 1977.

Það er höfuðverkefni í íslenskum efnahagsmálum að ná og halda hér á landi samkeppnisfærum lífskjörum og lífsskilyrðum yfirleitt við þau lönd, sem Íslendingar hafa mest samskipti og samamburð við. Þessi vandi er ekki eingöngu í því fólgin, að hér sé að fá jafngóð atvinnutækifæri og annars staðar bjóðast, heldur einnig að aðrir þættir þjóðlífsins, til að mynda á sviði menningar, trygginga- og félagsmála, standist þennan samjöfnuð. Forsenda alls þessa er þó heilbrigður og traustur grundvöllur fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á alhliða átak til þess að efla undirstöðu íslenskra atvinnuvega,

auka framleiðni þeirra og framleiðsluverðmæti og skapa ný atvinnutækifæri. Traustir atvinnuvegir eru forsenda blómlegs atvinnulífs og batnandi lífsskjara. Í þessu sambandi leggur ríkisstjórnin áherslu á eftirfarandi atriði:

- að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í atvinnuvegum landsmanna;
- að nýta innlendar auðlindir og hráefni;
- að auka fjölbreytni í atvinnulífi um land allt og sjá vaxandi fjölda fólks fyrir atvinnu við góðan aðbúnað.

Til þess að ná þessum markmiðum verði að því stefnt:

- að efla rannsóknir á íslenskum auðlindum og rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnulífsins og til undirbúnings nýjum atvinnugreinum;
- að vanda til áætlunargerðar í þágu atvinnuveganna til skemmri eða lengri tíma;
- að haga fjárveitingum og útlánum í samræmi við slíka þróunaráætlun;
- að stuðla að auknum áhrifum starfsmanna og samtaka þeirra á málefni vinnustaða;
- að efla sparnað og hagkvæmni í rekstri á sem flestum sviðum og stuðla að stjórnunarlegum umbótum í fyrirtækjum;
- að bæta verulega aðstöðu til starfsmenntunar og þjálfunar starfsmanna.

II.

Stefna og ráðstafanir.

1. Inngangur.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin hefur sett í efnahagsmálum, og grein er gerð fyrir hér að framan, er nauðsynlegt, að aðgerðir í efnahagsmálum myndi samstæða heild. Ráðstafanir á hinum ýmsu sviðum efnahagslífsins þarf að velja af raunsæi og sanngirni með heildarhagsmunum eina að leiðarljósi. Það er ákaflega mikilvægt, að stefnan sé þannig skilgreind og framkvæmd, að á því skapist traust að tekist sé á við efnahagsvandann, og fyrst og fremst verðbólguna, með samræmdum hætti. Ein meginforsenda árangurs er einmitt, að slíkt traust fáiist hjá alþjóð. Ríkisstjórnin leggur á það höfuðáherslu að beita þeim tækjum, sem hún hefur yfir að ráða, á þann hátt að draga megi úr þeirri vantrú á framtíðargildi íslensku krónunnar, sem hér hefur verið landlæg. Til þess að sigrast á verðbólguhugsunarhættinum þarf í senn stjórnmalalegt og stjórnarfarslegt átak og hagrænar aðgerðir.

Eins og kunnugt er voru samþykkt á Alþingi á árinu 1979 lög um breytt verðgildi íslensku krónunnar frá og með 1. janúar 1981. Þann dag kemur í umferð ný króna, sem er hundraðföld að verðgildi á við gömlu krónuna. Ríkisstjórnin mun vinna að því með víðtækum og samstilltum aðgerðum, að gjaldmiðilsskiptin marki þáttaskil í þeirri viðleitni að rjúfa vítahring verðbólgunnar. Gjaldmiðilsbreytingin verður á sinn hátt ytri umgjörð um þær fjölþættu ráðstafanir, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir á næstunni á öllum sviðum efnahagsmála gegn verðbólgunni. Markmið þeirra er að endurvekja trú á verðgildi krónunnar og leggja grunn að nýrri framfarasókn á næstu árum.

Hér á eftir verða rakin helstu atriði stefnunnar á einstökum sviðum og fjallað um eftirtalin málefni:

- Fjármál hins opinbera og skattamál.
- Peninga- og lánamál, vaxtastefnan.
- Launamál og lífeyrismál.
- Verðlagsmál.
- Fjárfestingarmál.
- Stjórnarfars- og skipulagsmál.
- Atvinnumál.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 er að þessu sinni sett fram á tíma, sem einkennist af mikilli óvissu í alþjóðamálum og erfiðu ástandi í efnahagsmálum umheimsins. Víða um lönd er glímt við allt í senn, atvinnuleysi, verðbólgu og viðskiptahalla. Hér á landi hefur auðnast að halda góðri atvinnu og komast hjá alvarlegum viðskiptahalla til þessa, meðal annars vegna vaxandi útflutningsframleiðslu og vegna þess að full atvinna hefur haft forgang fyrir hraðfara hjöðnun verðbólgu. Verðbólgan er enn óleyst vandamál og stefnir atvinnuöryggi og viðskiptajöfnuði í hættu. Mikil hækkun olíuverðs á síðustu misserum og almenn hækkun innflutningsverðs í kjölfarið hafa stórlega rýrt viðskiptakjör þjóðarinnar. Hækkun orkuverðs og hin svonefnda orkukreppa færir okkur tvöfalt viðfangsefni: Annars vegar að halda aftur af þjóðarútgjöldum á líðandi stund, vegna þess að ráðstöfunarfé þjóðarinnar hefur rýrnað um sinn. Hins vegar þarf að verja verulegu fé til innlendrar orkuframleiðslu og framleiðslu á þeim grundvelli og laga hagkerfið að breyttum aðstæðum í orkumálum til langs tíma litið. Ráðstafanir í efnahagsmálum verða að taka mið af þessu tvennu.

2. Fjármál ríkisins.

Verulegur árangur hefur náðst í fjármálastjórn ríkissjóðs á þessu ári. Í fjárlögum ársins 1980 var stefnt að nokkrum rekstrar- og greiðsluafgangi hjá ríkissjóði. Horfur eru nú á, að ríkissjóður verði hallalaus á árinu, bæði hvað varðar rekstrarjöfnuð og greiðsluafkomu. Mörg undanfarin ár hefur yfirleitt verið verulegur halli hjá ríkissjóði á fyrri hluta árs. Þessi hallarekstur hefur verið fjármagnaður með yfirdrætti í Seðlabanka og þannig kynt undir umfram eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Jafnframt hefur þessi nýmyndun peninga aukið útlánagetu innlánsstofnana og ýtt undir útlán. Á þessu ári var rekstrarafgangur hjá ríkissjóði tvo fyrstu mánuði ársins og enn í maí. Ríkisfjármálin hafa því ekki haft þau þensluáhrif, sem þau hafa haft um árabíl. Mest er um vert, að tekist hefur að ná betri tókum á rekstrarútgjöldum á sama tíma og tekjuöflun hefur verið styrkt án þess að hún gangi úr hófi.

Stefnan í ríkisfjármálum á næsta ári er fyrst og fremst sú að styrkja enn fjármálastjórnina, þannig að ríkisfjármálin verði virkur þáttur í heildarstjórn efnahagsmála í því skyni að draga úr verðbólgu í stað þess að kynda undir hana, eins og oft hefur gerst. Í þessum tilgangi er að því stefnt, að fjárlög verði afgreidd með nokkrum rekstrar- og greiðsluafgangi eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að tekjuöflun verði í heild svipuð og á þessu ári í hlutfalli viðhvort tveggja, þjóðarframleiðslu og tekjur almennings. Því er ekki stefnt að aukinni skattheimtu. Heildartekjur eru áætlaðar 533,6 milljarðar króna eða um 28½% af þjóðarframleiðslu, en heildargjöld 526,5 milljarðar króna. Tekjur umfram gjöld nema því röskum 7 milljörðum króna. Afborganir af eldri lánum umfram nýjar lántökur og greiðsla viðskiptaskulda eru áformaðar 3,3 milljarðar, og greiðsluafgangur yrði því um 3,8 milljarðar. Í útstreymi á lánahreyfingum er meðtalin afborgun lána til Seðlabanka að fjárhæð 10 milljarðar króna. Samkvæmt þessu er stefnt að því, að ríkissjóður bæti stöðu sína við bankakerfið um tæpa 14 milljarða króna á árinu 1981. Jafnframt verður kappkostað að draga enn frekar en þegar hefur tekist úr þensluáhrifum ríkisfjármálanna framan af ári, bæði með miklu aðhaldi í ríkisútgjöldum og markvissari tímasetningu á lántökum og afborgunum ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Nú stendur yfir athugun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Þessi athugun er að hluta fólgin í því að kanna niðurstöðu af álagningu eftir hinum nýju skattalögum og leita lagfæringa á þeim ágöllum, sem þar hefur orðið vart. Sérstaklega er verið að kanna skattbyrði einstakra hópa og stefnt að lækkun hennar í þeim tilvikum, sem hin nýju skattalög leiða til ósanngirni í skattlagningu. Tengsl sjúkratryggingagjalds og tekjuskatts einstaklinga koma meðal annars til athugunar í þessu sambandi. Samtímagreiðsla beinna skatta hefur verið lengi í undirbúningi og hefur ríkisstjórnin í hyggju að hraða því verki, þannig að það verði lögfest á næsta ári svo unnt verði að koma á samtímagreiðslu svo fljótt sem auðið er. Þá er nú unnið að endurskoðun

aðflutningsgjalda, en brýnt er nú orðið, að tekjuöflunarkerfi óbeinna skatta verði tekið til heildarendurskoðunar, fyrst og fremst í því skyni að koma í veg fyrir misræmi í skattlagningu, en jafnframt til að bæta skattskil og innheimtu.

Stefna ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkissjóðs hefur borið verulegan árangur á árinu 1980 og hefur þetta tekist án þess að dregið hafi verið úr almannajónustu, eins og í mörgum nágrannalöndum, sem við svipaða erfiðleika hafa átt að stríða. Þennan árangur hyggst ríkisstjórnin bæta enn á næsta ári, þannig að unnt verði að beita ríkisfjármálunum beinlínis gegn þenslu í hagkerfinu. Nánari grein er gerð fyrir þessu í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins.

3. Peninga- og lánamál.

Stefna ríkisstjórnarinnar í peninga- og lánamálum á þessu ári var mörkuð í lánsfjáráætlun. Þar var meðal annars að því stefnt, að strangt taumhald væri haft á útlánunum bankakerfisins, þannig að peningamálin styddu að marki verðhjöðnunarstefnu ríkisstjórnarinnar. Sem fyrr segir var peningamyndun vegna ríkisfjármálanna fyrri hluta ársins mun minni en endranær og jafnframt dró viðskiptahalli úr peningamyndun, en engu að síður hefur hún aukist afar mikið í heild og koma þar til mjög aukin útlán bankakerfisins. Ljóst virðist, að bankakerfið hafi í of ríkum mæli látið undan þrýstingi eftirspurnar og hefur þróun útlána dregið stórlega úr þeim jákvæðu áhrifum, sem bætt fjármálastjórn ríkisins hefði ella haft.

Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum á árinu 1981 verður enn að beinast að því að halda þróun helstu peningastærða innan þeirra marka, sem viðunandi eru frá sjónarmiði verðhjöðnunar. Ljóst er, að þær aðgerðir sem gripið var til í september síðastliðnum, til að hefta þróun útlána, verða að vera viðvarandi. Afar slæm lausafjárstaða innlánsstofnana veldur því, að líklegt er að úr útlánunum dragi á síðustu mánuðum þessa árs og lausafjárstaða batni á ný. Hins vegar þarf að koma í veg fyrir, að bati leiði til aukinna útlána strax eftir áramót eins og svo oft áður.

Þær ráðstafanir, sem nú hefur verið gripið til í því skyni að auka aðhald í viðskiptum innlánsstofnana við Seðlabankann, duga vart einar sér, þegar fram í sækir. Auk útlánasamkomulags, sem vonandi reynist haldbetra en verið hefur, fólust þessar aðgerðir í hækkun vaxta af óumsömdum skuldum innlánsstofnana við Seðlabankann, jafnframt því sem dagvextir af innlánunum þessara stofnana í Seðlabankanum voru hækkaðir. Í framhaldi af þessu verður að auka aðhald að útlánunum peningastofnana, þannig að þess sé gætt að útlánastefnan sé í fullu samræmi við þá efnahagsstefnu að draga úr verðþenslu. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Seðlabankinn fylgist að staðaldri með þróun útlána og beiti áhrifum sínum með ráðgjöf og aðvörunum til þess að stöðva í tæka tíð, ef útlán ætla að ganga úr hófi. Jafnframt verði settar reglur um hámark yfirdráttarlána innlánsstofnana í Seðlabankanum.

Eins og lýst er í kaflanum um fjármál ríkisins hér að framan er það stefna ríkisstjórnarinnar að draga úr peningaústreymi bankakerfisins með verulegri endurgreiðslu lána hjá Seðlabankanum. Auk þess er ætlunin að tímasetja lánahreyfingar ríkissjóðs markvissar en hingað til með sérstöku tilliti til áhrifa þeirra á peningaframboð, auk þess sem áhersla verður lögð á að mæta árstíðafjárþörf ríkissjóðs með lántökum utan Seðlabanka. Áfram verður stefnt að því að takmarka svo sem kostur er erlendar lántökur á vegum hins opinbera við það mark, sem nauðsynlegustu framkvæmdir krefjast, og hafa strangt aðhald á erlendum lántökum einka- aðila, en auka fremur lántökur innanlands. Ríkisstjórnin mun áfram framfylgja þeirri stefnu sinni að verðtryggja sparifé í því skyni að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda og auka sparnað. Enn hefur lítil reynsla fengist af þeim fullverðtryggðu sparifjárreikningum, sem teknir voru upp um mitt þetta ár, en vandlega verður fylgst með þeim málum og kannað, hvort mögulegt sé að auka svigrúm í verðtryggingu sparifjár almennings. Ríkisstjórnin mun á næstunni kanna sérstaklega þau ákvæði um peningamál í lögum um stjórn efnahagsmála, er varða aðlögunartíma og aðra framkvæmd verðtryggingar, og verður aðlögunartími fullrar verðtryggingar

alls sparifjár framlengdur um eitt eða tvö misseri. Sparifjárnstæður til tveggja ára eru þegar fullverðtryggðar og fleiri flokkar innlána munu fylgja í kjölfarið með hjöðnun verðbólgu. Ríkisstjórnin telur, að með þeim heildarráðstöfunum í efnahagsmálum, sem nú eru í undirbúningi, ætti að vera unnt að komast hjá vaxtahækkun á næstunni og að markmiðinu um fulla verðtryggingu verði náð með verðhjöðnun fremur en hækkun vaxta. Áfram verður unnið að samræmingu lánskjara fjárfestingarlánasjóða en jafnframt verða lánskjör afurðalána tekin til endurskoðunar og sérstaklega hugað að ávöxtun og varðveislu orlofsfjár.

Um stefnu og aðgerðir í peninga- og lánamálum verður fjallað nánar í lánsfjáráætlun, sem nú er unnið að.

Óhjákvæmilegt er, að gengisskráningu verði hagað þannig, að tryggður sé rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna og þeirra atvinnugreina, sem eiga í samkeppni við innflutning, jafnframt því sem viðskiptajöfnuður verði viðunandi eins og stefnt er að í þessari þjóðhagsáætlun. Þessi markmið stefnunnar í gengismálum eru í fullu samræmi við þá megináherslu, sem ríkisstjórnin leggur á, að atvinnuöryggið sé tryggt. Þetta torveldar það auðvitað hins vegar, að unnt sé að beita gengisskráningunni beinlínis gegn verðbólgu, en ítrasta aðhalds þarf að gæta í gengismálum. Gengisskráningin er því einn af erfiðustu þáttunum í samræmdum efnahagsaðgerðum, sem ætlað er að draga úr verðbólgu en jafnframt að tryggja fulla atvinnu. Skapa þarf skilyrði til þess, að gengi geti verið sem stöðugast á næstu árum.

4. Launa- og lífeyrismál.

Eitt meginatriði þeirrar heildarstefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur markað, er að framvinda launamála samrýmist baráttunni gegn verðbólgu jafnframt því sem áhersla sé lögð á að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu. Í þeim kjaradeilum, sem staðið hafa á líðandi ári, hefur ríkisstjórnin markað ákveðna aðhalds- og launajöfnunarstefnu í samningunum við opinbera starfsmenn og lagt áherslu á að leysa kjaradeilur að hluta með félagslegum aðgerðum. Á sama hátt hefur ríkisstjórnin leitast við að stuðla að lausn á kjarasamningum Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda með aðgerðum á sviði félagsmála og lífeyrismála. Lífskjör ráðast ekki af launum einum saman og á tímum mikillar verðbólgu eins og að undanförun er brýnt, að áhersla sé lögð á raunverulega jöfnun lífskjara með frambúðarráðstöfunum fremur en á hækkun grunllauna í peningum, sem yki á verðbólguvandann og yrði því skammgóður vermir.

Í fjárlagafrumvarpi kemur fram, að gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi til ráðstöfunar 12 milljarða króna til aðgerða á sviði efnahagsmála á árinu 1981 og verður því fé meðal annars varið til að jafna lífskjör almennings og tryggja hag þeirra, sem lakast eru settir. Að baki þessum tillögum býr, að kjarasamningar verði gerðir í samræmi við fyrrgreinda aðhalds- og kjarajöfnunarstefnu.

Á næstunni mun verða unnt að taka upp nýjan grundvöll fyrir vísitölu framfærslukostnaðar, sem byggður er á neyslukönnun Hagstofu Íslands. Ríkisstjórnin hyggst stuðla að því, að hinn nýi vísitölugrunnur taki gildi svo fljótt sem verða má, en jafnframt er ætlunin að gera víðtæka rannsókn á gildandi reglum um verð- og tekjuákvæðanir, sem tengjast vísitölunni, í því skyni að draga sem mest úr sjálfvirkni í þeim efnum.

Ríkisstjórnin mun á næsta ári leggja þunga áherslu á, að hraðað verði undirbúningi að nýskipan lífeyrismála. Á síðasta Alþingi var frumvarp ríkisstjórnarinnar um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda samþykkt sem lög og nauðsynlegt er að þeirri löggjöf verði án frekari tafar fylgt eftir með samþykkt stjórnarfrumvarpa um skráningu lífeyrisréttinda og um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Með þessu yrði tryggð þátttaka allra starfandi manna í lífeyrissjóðum. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir ýmsum úrbótum í málum lífeyrisþega, svo sem sérstakri hækkun tekjutryggingar og helmings lækkun á lyfja- og lækningarkostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og í fjárlagafrumvarpi er enn gert ráð fyrir, að tekjutrygging verði hækkuð sérstaklega umfram almennar kauphækkanir. Nokkur undangengin ár hafa

ýmsar mikilvægar úrbætur verið gerðar í lífeyrismálum, sem ætlað hefur verið að standa til bráðabirgða, uns nýju lífeyriskerfi yrði komið á fót. Ríkisstjórnin telur, að nú sé orðið brýnt að í stað skammtímalausna sé allt kapp lagt á að leita frambúðarlausnar í lífeyrismálum. Verður unnið að því af fullum krafti.

5. Verðlagsmál.

Meðal ráðstafana til þess að draga úr verðbólgu var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir að verðhækkun á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, væru sett ákveðin efri mörk ársfjórðungslega á árunum 1980 og 1981. Hér var fyrst og fremst um verklagsreglu að ræða fyrir almenna meðferð verðlagsmála. Þegar í upphafi var gert ráð fyrir undanþágum frá þessari reglu, bæði hvað varðaði vanda, er skapast hafði áður en ríkisstjórnin tók við, og einnig vegna verðhækkana af erlendum uppruna. Þessi þáttur verðlagsmálanna hefur reynt erfiður í framkvæmd af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna þess, að almennar kostnaðarhækkningar hafa orðið meiri en gert var ráð fyrir, þegar þessi mörk voru sett. Hafa þarf í huga, að aðeins hluti af verðákvörðunum fellur beint undir verðlagsyfirvöld, en verð á margvíslegri vöru og þjónustu ræðst af almennri þróun kostnaðar og eftirspurn án þess að verðlagsyfirvöld hafi þar bein áhrif. Séu ákvarðanir verðlagsyfirvalda fastbundnar við fyrirfram ákveðin mörk getur það raskað stöðu atvinnugreina og fyrirtækja gagnvart öðrum, sem hafa frjálsari hendur um verðlagningu, ef almenn efnahagsþróun viku verulega frá því, sem reiknað er með, þegar mörkin eru sett. Af þessum sökum geta reglur um ákveðin efri mörk verðhækkana aðeins verið einn þáttur í fjölþættri stefnu, en slíkar verklagsreglur geta komið að gagni ásamt öðrum á næstu misserum í þeirri viðleitni að draga úr verðhækkunum. Það er hins vegar erfitt að ákveða slík efri mörk til langs tíma og nauðsynlegt að endurskoða þau reglulega í ljósi efnahagsþróunarinnar.

6. Fjárfestingarmál.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 eru veigamiklar ákvarðanir um framkvæmdir hins opinbera, um framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga og framlög til fjárfestingarsjóða, sem áhrif hafa á heildarfjárfestinguna á næsta ári. Þessar ákvarðanir eru ein meginundirstaða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981, sem lögð verður fram á Alþingi síðar í haust. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er mörkuð sú meginstefna í fjárfestingarmálum, að heildarfjárfestingu á árunum 1980 og 1981 verði haldið innan þeirra marka, sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi, og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir, að þetta hlutfall yrði 26½% eða rúmlega fjórðungur. Ástæðan til þess að rétt þótti að fara lítið eitt fram úr fjórðungsmarkinu var fyrst og fremst hin brýna nauðsyn, sem á því var að efla innlenda orkuframleiðslu og dreifingarkerfi rafveitna og hitaveitna. Áætlanir benda nú til, að fjárfestingin 1980 verði svipuð eða ívið hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu en miðað var við í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Með tilliti til þess, að brýnt er að draga úr halla á utanríkisviðskiptum, er nauðsynlegt að stefna að aðhaldi í heildarfjárfestingu á næsta ári. Fyrirsjáanlegt er, að innflutningur skipa og flugvéla verður minni á næsta ári en í ár og framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna verður að mestu lokið. Þetta gefur nokkurt svigrúm til frekari eflingar orkuframleiðslu og dreifingarkerfa og til annarra framkvæmda, er treysta stöðir íslensks atvinnulífs. Umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands 1981 verða að líkindum svipuð og á árinu 1980.

7. Stjórnarfars- og skipulagsmál.

Um leið og gerðar eru nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í þjóðarþúskapnum þarf að huga að ýmsum skipulagsbreytingum, sem horfa til þess að gera hagkerfið og stjórnkerfið einfaldara og virkara. Þetta á ekki síst við um lánakerfið. Ríkisstjórnin mun vinna

að því að gera bankakerfið einfaldara og ódýrara og einnig að treysta fjárhagsstöðu þeirra banka, sem annast þjónustu fyrir undirstöðugreinar atvinnulífsins og miðla til þeirra lánsfé. Breyting í þessa átt ásamt því að vaxtakjör verði raunhæfari mun gera bankana betur færa til þess að gegna sínu mikilvæga hlutverki í þjóðarbúskapnum. Ríkisstjórnin mun einnig taka til endurskoðunar löggin um Framkvæmdastofnun ríkisins um leið og hugað verður að samræmingu í starfsemi helstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna.

Þá mun ríkisstjórnin láta fara fram athugun á gildandi löggjöf um ákvörðun búvöruverðs og fiskverðs. Skipan kjarasamninga vegna stofnana og fyrirtækja á vegum ríkisins verður tekin til endurskoðunar og samræmingar. Vísitölukerfið verður tekið til endurskoðunar og nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar tekinn upp að afstaðinni neyslukönnun Hagstofu Íslands. Ríkisstjórnin mun láta gera víðtæka rannsókn á þeirri sjálfvirkni, sem nú er við lýði á fjölmörgum sviðum efnahagslífsins, og stefna að því að draga úr henni eins og frekast eru föng á. Þetta á meðal annars við um hvers konar sjálfvirkni í verðákvörðunum og tekjuákvörðunum, sem tengjast vísitölunni.

Nú er liðinn rúmur áratugur frá því löggin um Stjórnarráð Íslands og reglugerð samkvæmt þeim voru sett. Tími er til þess kominn að gera úttekt á þeirri reynslu, sem af þeim hefur fengist, að því er varðar verkaskiptingu milli ráðuneyta og skipulag stofnana. Þessi úttekt verður gerð á vegum forsætisráðuneytisins á næsta ári og mun meðal annars kannað, hvort til greina komi að setja á stofn sérstakt efnahagsráðuneyti. Þessi athugun á stjórnarráðslögum og reglugerð kann að tengjast starfi Stjórnarskráarnefndar.

8. Atvinnumál.

Atvinnuástand á þessu ári hefur verið gott og af atvinnuleysisráningu að ráða eru fá teikn á lofti, er bent gætu til breytinga alveg á næstunni. Erfiðleikar í flugrekstri og sjávarútvegi höfðu í för með sér óvissu í atvinnumálum um mitt ár, en þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, hafa borið góðan árangur, þótt enn frekar þurfi að treysta undirstöðu þessara atvinnugreina.

Reynslan í ár sýnir ótvírætt, að traust staða sjávarútvegs er forsenda nægrar atvinnu um allt land. Um leið og erfiðleikar stöðja að í sjávarútvegi er hætta á atvinnubresti. Við þessum erfiðleikum verður því að bregðast skjótt hverju sinni. Með þeim aðgerðum, sem gripið var til í sumar og í tengslum við fiskverðsákvörðun frá 1. október, má telja, að hagur fiskveiða og fiskvinnslu hafi batnað nokkuð frá því sem var í sumar. Áfram verður að gæta þess, að rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og þeirra greina, er eiga í samkeppni við innflutning, sé tryggður, og verður gengisskráning meðal annars að miðast við það. Staða þessara atvinnugreina verður hins vegar best treyst með því að auka hagræðingu og draga verulega úr innlendum kostnaðarhækkunum.

Hafrannsóknastofnun hefur sett fram niðurstöður rannsókna sinna á vexti og viðgangi þorskstofnsins á næstu árum miðað við mismunandi takmörkun sóknar og afla. Í ljósi þessara athugana virðist mega ná viðunandi árangri í því að tryggja vöxt stofnsins á næstu árum með svipuðum þorskafli á næsta ári og á þessu ári, eða um 380—400 þúsund tonna afla. Hér er auðvitað um marga óvissuþætti að ræða, sem endurmeta þarf reglulega. Í þessu felst, að sóknartakmarkanir á þorskveiðiskip þurfi að vera nokkru strangari á næsta ári en á þessu ári. Við framkvæmd veiðitakmarkana verður lögð megináhersla á að ná betra samræmi hverju sinni milli afla og afkastagetu vinnslu en verið hefur.

Nokkur árangur hefur þegar náðst í þeirri viðleitni að samræma framleiðslu og innanlandsneyslu landbúnaðarafurða. Að þessu verður áfram unnið og leitað þeirra leiða, er heppilegastar eru til þess að ná þessu markmiði þannig, að sanngirni sé gætt í garð þeirra, er þessa atvinnu stunda. Stefnan í iðnaðar- og orkumálum kom skýrt fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs, þar sem áhersla var lögð á innlenda orkuframleiðslu til þess að draga úr innflutningi orkugjafa og efla almenna iðnþróun í landinu. Unnið er að því að kanna starfskilyrði helstu atvinnugreina í því skyni að þau verði jöfnuð eins og frekast er kostur. Til þess

að halda hér á landi jafngóðum lífskjörum og í þeim löndum, sem Íslendingar hafa mest samskipti og samanburð við, er nauðsynlegt að gera átak til þess að efla undirstöðu íslenskra atvinnuvega og auka framleiðni þeirra. Stefnan í orkumálum verður við það miðuð að unnt verði að efla iðnað til útflutningsframleiðslu um leið og séð er fyrir vaxandi orkuþörf til almennra innanlandsþarfa. Áætlunargerð í þágu atvinnuveganna og fjárveitingum og útlánum til atvinnuvega þarf að haga með tilliti til þessara meginmarkmiða.

III.

Framvinda efnahagsmála 1980 og horfur 1981.

Framvinda og horfur 1980.

Efnahagsframvindan á árinu 1980 hefur mjög mótast af olíuverðshækkuninni í heiminum á síðastliðnu ári og þeirri viðskiptakjararýrnun, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir af þeim sökum. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir framvindunni á þessu ári og niðurstöðum þjóðhagsspar fyrir árið allt.

Líklegt er, að þjóðarframleiðslan vaxi um eða yfir 1% á árinu 1980. Próun viðskiptakjara þáð sem af er árinu bendir til þess, að þau rýrni um 5%, og þjóðartekjur dragjust þá saman um 1% í heild, eða 2% á mann.

Þjóðarframleiðsla og -tekjur á mann, viðskiptakjör og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann 1970—1980. Vísitölur 1970 = 100.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	Spá 1980
Þjóðarframleiðsla á mann:										
Vísitölur	112	116	123	126	122	124	130	135	137	137
Breyting frá fyrra ári, %	11,7	4,1	6,1	2,1	÷ 3,3	1,6	5,2	3,6	1,3	0
Viðskiptakjör:										
Vísitölur	112	111	128	116	99	111	120	120	108	103
Breyting frá fyrra ári, %	12,0	÷ 0,6	15,3	÷ 9,8	÷ 14,6	12,7	8,4	0	÷ 10,3	÷ 5
Þjóðartekjur á mann:										
Vísitölur	115	119	131	131	121	128	138	143	139	136
Breyting frá fyrra ári, %	14,7	3,8	10,0	÷ 0,3	÷ 7,0	5,0	8,1	3,6	÷ 2,7	÷ 2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann:										
Vísitölur	114	127	137	146	130	133	149	161	160	154
Breyting frá fyrra ári, %	14,4	10,8	7,9	7,1	÷ 11,2	2,0	12,5	8,0	÷ 0,5	÷ 4

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

1. Utanríkisviðskipti.

Á grundvelli talna um fiskafla til ágústloka og sóknartakmarkanir á þorskveiðum á síðustu mánuðum þessa árs má ætla, að þorskaflinn verði 380—400 þúsund tonn. Annar botnfiskafla gæti orðið 220 þúsund tonn eða svipaður og í fyrra. Miðað við, að loðnuafllinn á haustvertíð verði svipaður og í fyrra og síldarafllinn heldur meiri, gæti sjávarafurðaframleiðsla aukist um 3—4% á þessu ári. Þessar forsendur um sjávarafla eru nokkurn veginn hinar sömu og spáð var um mitt ár, enda var þá gert ráð fyrir, að mjög drægi úr þorskafla eftir mitt ár miðað við mánuðina á undan. Sú hefur orðið raunin á. Þessi samdráttur í framleiðslu sjávarafurða yfir sumarmánuðina, einkum frystra afurða, hefur orðið til þess, að birgðir hafa minnkað, enda hafa afskipanir gengið greiðlega að undanförunu. Nú virðist útlit fyrir, að birgðir sjávarafurða í

árslok verði svipaðar og í ársbyrjun, þegar á heildina er litið. Um mitt ár var hins vegar búist við birgðaaukningu á árinu.

Útflutningur annarra afurða hefur yfirleitt gengið vel á árinu og verður þar um talsverða aukningu að ræða nema í útflutningi landbúnaðarafurða, sem verður minni en í fyrra. Að öllu samanlögðu virðist mega gera ráð fyrir 5—6% aukningu útflutningsframleiðslunnar á árinu og svipaðri aukningu útflutnings. Vegna mikillar sjávarafurðaframleiðslu framan af ári, hefur útflutningsaukningin það sem af er árinu verið meiri en hér er spáð fyrir árið allt, en gera verður ráð fyrir, að úr aukningunni dragi á síðustu mánuðum ársins, eins og þegar er komið fram í útflutningstölum fyrir ágúst.

Á fyrri helmingi ársins voru viðskiptakjörin um 4% lakari en að meðaltali á árinu 1979. Útflutningsverðlag í erlendri mynt var nær 8% hærra en ársmeðaltalið 1979, en innflutningsverð 12% hærra. Viðskiptakjörin bötnuðu heldur frá fyrsta til annars ársfjórðungs, en líklegt er að þau versni á síðari hluta ársins vegna verðlækkunar á frystiafurðum um mitt ár. Við upphaf árs 1980 var olíuverð ákaflega hátt. Verð á heimsmarkaði lækkaði síðan fram eftir ári, en þegar stríð skall á milli Íraks og Írans í september síðastliðnum rauk olíuverð upp á ný. Þessarar síðustu verðhækkunar mun þó ekki gæta mikið í innflutningstölum þessa árs, en gæti haft áhrif á næsta ári. Þegar öllu er á botninn hvolft, er áætlað, að olíuverðið verði rúmlega 20% hærra 1980 en í fyrra. Annað innflutningsverð hækkar líklega um rúmlega 10% og samtals yrði hækkun innflutningsverðs þá 12—14% í erlendri mynt. Útflutningsverð hækkar hins vegar aðeins um 7%, eins og nú horfir, og á þessum forsendum rýrna viðskiptakjörin um 5% frá fyrra ári.

Það sem af er árinu hefur vöruinnflutningur verið meiri en búast mátti við á grundvelli fyrri spár um þjóðarútgjöld. Til ágústloka var almennur vöruinnflutningur (án innflutnings skipa og flugvéla og innflutnings til álvers, járnblendiverksmiðju og Landsvirkjunar) um 12% meiri að magni en á sama tíma í fyrra. Olíuinnflutningur var svipaður og í fyrra, en annar innflutningur hins vegar 14—15% meiri. Aukningin var meiri fram undir mitt árið. Aukningin virðist svipuð fyrir neysluvörur, fjárfestingarvörur og rekstrarvörur, að olíu þó undanskilinni, eins og áður sagði. Tölur fyrir júlí og ágúst benda til þess, að verulega sé farið að draga úr innflutningsaukningunni. Samt sem áður er útlit fyrir, að almennur vöruinnflutningur verði meiri í ár en áður var spáð. Gæti magnaukningin orðið 4% samanborið við 1% í fyrri spá. Annar innflutningur verður líklega svipaður og áður var gert ráð fyrir.

Niðurstöður spánna um útflutning og innflutning eru þær, að vöruútflutningur aukist um 5—6% að magni og útflutningsverð í erlendri mynt hækki um 7%. Í krónum talið gæti verðbreytingin orðið 47% vegna lækkunar á gengi krónunnar. Vöruútflutningur næmi þá um 434 milljörðum króna. Vöruinnflutningur í heild yrði samkvæmt spánni um 440 milljarðar króna og er þá miðað við 6% magnaukningu, 12—14% verðbreytingu í erlendri mynt og 55% verðbreytingu í krónum. Þetta fæli í sér 6 milljarða króna halla á vöruskiptajöfnuði samanborið við 12 milljarða afgang í fyrra (á gengi ársins 1980). Breytingin frá síðasta ári stafar fyrst og fremst af rýrnun viðskiptakjaranna, en einnig af óvenju miklum flugvéla kaupum á árinu. Hækkun olíuverðs á þessu ári umfram verðbreytingu annars innflutnings hækkar olíureikning þjóðarþúsins um 7 milljarða króna. Flugvéla kaup nema í ár rúmum 11 milljörðum króna en námu innan við 1 milljarð á síðasta ári, en á móti þessu vegur að nokkru leyti minni skipainnflutningur á þessu ári.

Samkvæmt bráðabirgðatölum reyndist halli á þjónustuviðskiptum við útlönd nær 25 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 5½ milljarðs króna halla á sama tíma í fyrra (7 milljarða, á sambærilegu gengi). Meginástæður aukins halla í þessum viðskiptum eru erfiðleikar í rekstri Flugleiða, miklar kostnaðarhækkanir í allri samgöngustarfsemi svo og auknar vaxtagreiðslur. Á fyrri helmingi síðastliðins árs voru gjaldeyristekjur af samgöngum tæplega 1 milljarður umfram þau gjöld, sem þessar greinar greiddu í erlendum gjaldeyri, en á

Þessu ári var nær $7\frac{1}{2}$ milljarðs króna halli á þessum reikningi. Vaxtagreiðslur voru nær 20 milljarðar króna samanborið við rúmlega 11 milljarða á sama tíma í fyrra. Hér fer saman vaxtahækkun erlendis og skuldaaukning 1979. Tölur fyrra árshelmings benda ótvírætt til þess, að áfram verði halli á þjónustujöfnuði á síðari hluta ársins, þótt hann verði líklega minni en á fyrri hluta ársins. Fyrir árið allt er vart að búast við minni halla en 40 milljörðum króna og reyndar nokkur hætta á, að hallinn verði meiri. Í fyrra nam hallinn 11 milljörðum króna reiknað á gengi ársins 1980.

Reynist framangreindar spár um vöru- og þjónustuviðskipti réttar, verður viðskiptahallinn á árinu 46 milljarðar króna eða um $3\frac{1}{2}\%$ af þjóðarframleiðslu, samanborið við 7 milljarða króna halla í fyrra eða tæplega 1% af þjóðarframleiðslu. Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir 16 milljarða viðskiptahalla í ár, 7 milljarða afgangi á vöruskiptajöfnuði og 23 milljarða halla á þjónustujöfnuði. Bæði útflutningur og innflutningur vöru verður meiri en reiknað var með í lánsfjáráætlun en munurinn er heldur meiri á innflutningshlið. Á þjónustujöfnuði verður veruleg breyting frá lánsfjáráætlun, þar sem tölur fyrir fyrri árshelming sýna mun meiri halla en búist var við. Innstreymi erlends fjármagns, einkum erlendra lána umfram afborganir, mun jafna þennan halla nokkurn veginn, þannig að ekki er útlit fyrir umtalsverða breytingu gjaldeyrisstöðunnar. Í lánsfjáráætlun var hins vegar gert ráð fyrir, að gjaldeyrisstaðan batnaði um 15 milljarða króna, enda var þá aðeins búist við 16 milljarða halla á viðskiptajöfnuði, eins og áður sagði.

2. Þjóðarútgjöld.

Miðað við þróun kaupmáttar kauptaxta á árinu mætti búast við talsverðum samdrætti einkaneyslu í ár. Fyrstu níu mánuði ársins var kaupmáttur taxtakaups 5% minni en ársmeðaltalið 1979. Kaupmáttur tekna hefur þó að líkindum rýrnað minna, ef marka má reynslu undanfarinna ára. Atvinnuástand hefur verið gott víðast hvar á landinu og mikil eftirspurn virðist vera eftir fólki í vinnu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild gæti minnkað um 3—4% milli árána 1979 og 1980, eins og nánar verður vikið að hér á eftir, og ætla mætti, að slíkri rýrnun kaupmáttar fylgdi svipaður samdráttur einkaneyslu. Útgjaldatölur benda þó til þess, að samdrátturinn verði mun minni. Þannig virðist velta í smásöluverslun á fyrri hluta þessa árs hafa verið um 2% minni að raunverulegu verðgildi en í fyrra. Talsverð aukning var á innflutningi neysluvöru og meðal annars var bilainnflutningur mun meiri en í fyrra. Ýmsar aðrar vísbendingar um neysluútgjöld gefa til kynna, að einkaneysla verði meiri en kaupmáttarbreytingar gætu bent til. Þetta felur í sér, að sparnaður heimilanna dregst saman miðað við tekjur, frá því sem var í fyrra, reynist ofangreindar áætlanir um tekjubreytingar réttar. Að svo stöddu virðist líklegast, að aðeins verði um lítilsháttar samdrátt einkaneyslu að ræða á þessu ári, ef til vill um 1%. Að því er samneysla varðar, er áfram gert ráð fyrir 2% aukningu á þessu ári.

Spá um fjármunamyndun er í aðalatriðum óbreytt frá því um mitt ár. Hitaveituframkvæmdir verða heldur meiri en þá var gert ráð fyrir og sömuleiðis samgönguframkvæmdir. Um fjármunamyndun atvinnuveganna og íbúðabyggingar liggur fátt nýtt fyrir frá því um mitt ár, en innflutningur flutningatækja gæti þó orðið heldur minni en áður var reiknað með. Heildarfjármunamyndun samkvæmt þjóðhagsreikningum er áfram talin aukast um nær $8\frac{1}{2}\%$ á föstu verðlagi á árinu 1980. Fjármunamyndun atvinnuveganna eykst um 6%, en vegna mikilla framkvæmda á sviði orkumála aukast opinberar framkvæmdir um rúmlega 20% og gert er ráð fyrir um 3% samdrætti í íbúðabyggingum. Samkvæmt þessari spá verður fjármunamyndunin nær 27% af þjóðarframleiðslu.

Birgðabreytingar á árinu munu að verulegu leyti ráðast af framleiðslu og sölu á frystum afurðum. Í lok maí voru birgðir af frystum afurðum meiri í tonnum en þær hafa nokkru sinni verið áður, þótt þær væru ekki meiri í hlutfalli við framleiðslu en áður hefur þekkt. Strax í júní minnkuðu birgðir lítilsháttar á ný, og hið sama var upp á teningnum í júlí. Meginástæðan er sú,

að verulega dró úr framleiðslu, einkum í júlí, en útflutningur hefur ekki minnkað að marki frá því sem var fyrstu 4—5 mánuði ársins. Í lok júlí voru birgðir frystiafurða aðeins 1—2 þúsund tonnum meiri en á sama tíma í fyrra og birgðaaukning frá áramótum minni en á sama tímabili í fyrra. Í ágúst mánuði fóru birgðir frystiafurða enn minnkandi og virðist líklegt, að þær verði um áramót komnar niður í það sem þær voru í byrjun ársins, ef ekkert óvænt gerist í afla eða markaðsástandi. Birgðahald annarra sjávarafurða hefur um flest verið með eðlilegum hætti. Þó má nefna, að talsverðar skreiðarbirgðir eru nú í landinu vegna mikillar framleiðslu, en þeim verður væntanlega afskipað á næstu mánuðum. Með aukinni framleiðslu má búast við nokkurri aukningu ál- og kísiljárnbirgða á árinu. Í heild gæti aukning útflutningsvörubirgða orðið 3—4 milljarðar króna á árinu, eða sem nemur um 0,3% af þjóðarframleiðslu.

Spárnar um þjóðarútgjöld hér að framan fela í sér, að í heild vaxi þjóðarútgjöld um 1½% að raunverulegu verðgildi á þessu ári. Þetta er heldur meiri aukning en í fyrra.

3. Tekjur, verðlag, kaupmáttur.

Í byrjun ágúst var vísitala framfærslukostnaðar 57,7% hærri en í ágúst 1979. Þetta er heldur minni árshækkun en í maí og febrúar, en þá var hún yfir 60%. Vísitala byggingarkostnaðar í september reyndist um 52% hærri en í september í fyrra og lánskjaravísitala 1. október var 55% hærri en á sama tíma í fyrra. Sé litið á breytingar þessara vísitalna síðustu sex mánuðina, jafngildir hækkun þeirra 51—55% hækkun á heilu ári. Áætlað er, að framfærsluvísitala hækki um 52—54% frá upphafi til loka ársins og meðalhækkun vísitölunnar milli 1979 og 1980 verður þá um 58%. Hækkun annarra verðlagsvísitalna verður væntanlega svipuð og hækkun framfærsluvísitölu.

Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1970—1980.

Vísitölur 1970 = 100.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	Spá 1980
Tekjur:										
Kauptaxtar launþega	118	149	184	274	348	436	636	985	1 420	2 120
Ráðstöfunartekjur einstaklinga á mann	123	155	209	319	422	560	826	1 284	1 875	2 831
Verðlag:										
Vísitala framfærslukostnaðar	106	117	144	205	306	404	527	759	1 105	1 745
Vísitala byggingarkostnaðar	112	137	175	266	378	467	607	893	1 312	1 994
Kaupmáttur:										
Kaupmáttur kauptaxta ¹⁾	111	127	128	133	114	108	121	130	129	122
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann ²⁾	114	127	137	146	130	133	149	161	160	154
Breyting frá fyrra ári, %:										
Kauptaxtar	18,5	25,9	23,3	48,7	27,1	25,4	45,8	55,0	44,1	49
Ráðstöfunartekjur á mann	22,6	26,1	35,0	52,7	32,3	32,7	47,5	55,5	46,0	51
Vísitala framfærslukostnaðar	6,4	10,3	22,2	43,0	49,0	32,2	30,4	44,1	45,5	58
Vísitala byggingarkostnaðar	12,2	22,0	27,8	52,0	42,1	23,5	30,0	47,2	47,0	52
Kaupmáttur kauptaxta	11,4	14,1	0,9	4,0	+14,7	+5,1	11,8	7,6	+1,0	+5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	14,4	10,8	7,9	7,1	+11,2	2,0	12,5	8,0	+0,5	+4

1) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.

2) Miðað við verðlag einkaneyslu.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Á þessu ári hafa kauptaxtar eingöngu hækkað samkvæmt verðbótavísitölu, þar sem grunnkaup hefur ekki breyst hjá öðrum en opinberum starfsmönnum innan BSRB. Öðrum kjarasamningum er ólokið. Verðbætur á laun hafa hækkað þrisvar á árinu, 6,7% 1. mars, 11,7% 1. júní og 8,6% 1. september. Hækkunin hefur í hvert sinn verið minni en hækkun framfærsluvísitölu undangengna 3 mánuði vegna frádráttarliða við útreikning verðbótavísitölu,

aðallega hækkunar á launalið í búvörugrundvelli og á áfengis- og tóbaksverði, en einnig vegna rýrnunar viðskiptakjara, þótt sá frádráttur hafi verið mun minni en í fyrra. Frá nóvember 1979 til ágúst 1980 hækkaði framfærsluvísitalan um 36%, en kauptaxtar hækkuðu um 29,5% samtals í mars, júní og september.

Á fyrstu níu mánuðum ársins er kaupmáttur kauptaxta rúmlega 5% minni en að meðaltali allt árið 1979 og á þriðja fjórðungi ársins var kaupmátturinn 3% minni en á síðasta ársfjórðungi í fyrra. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður líklega um 3—4% minni í ár en í fyrra að meðtalinni fólksfjölgun. Þetta er heldur meiri rýrnun kaupmáttar en nemur áætludum samdrætti þjóðartekna, en sé litið á árin 1979 og 1980 í einu lagi eru breytingar þjóðartekna og kaupmáttar ráðstöfunartekna svipaðar.

4. Ríkisfjármál og peningamál.

Afkoma ríkissjóðs hefur verið mun betri það sem af er árinu en á sama tíma undanfarin ár. Mesta breytingin kemur fram í þróun tekna og gjalda á A-hluta og sýnir glögg mikinn bata í ríkisfjármálum. Ríkissjóður var hallalaus í janúar, en í febrúar og maí var töluverður afgangur og mikill afgangur í ágúst. Aðra mánuði hefur verið halli og frá áramótum hefur hallinn orðið mestur rúmlega 8 milljarðar króna í júlilok og var það um 4,4% af tekjum ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins. Á sama tíma í fyrra var hallinn 17,8 milljarðar króna eða 15,7% af tekjum. Í ágúst mánuði var um 6 milljarða afgangur hjá ríkissjóði og er það svipuð útkoma og í ágúst í fyrra. Frá áramótum til ágústloka voru gjöld um 2 milljarða króna umfram tekjur en rúmlega 11 milljarða í fyrra eða 18 milljarða á verðlagi þessa árs. Á þessu tímabili hafa tekjur aukist um tæplega 61% miðað við sama tíma í fyrra en gjöld hafa aukist um nær 50%. Til samanburðar má nefna, að verðlag hefur á þessum tíma líklega hækkað um 58%. Tekjur hafa þannig aukist nokkru meira en verðlag, en útgjaldahækkunin er á hinn bóginn minni en verðlagshækkunin. Ástæðan er meðal annars sú, að útgjöld vegna niðurgreiðslna voru 7% minni en í fyrra.

Ef litið er á greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs (án lánahreyfinga við Seðlabanka) er munurinn á framvindunni nú og í fyrra heldur minni en á tekjum og gjöldum. Greiðsluhallinn varð mestur í júlilok og nam 5,3 milljörðum, en 12,9 milljörðum í fyrra. Staðan batnaði í ágúst, bæði nú og í fyrra, en í ágústlok var greiðsluhalli frá áramótum 3,4 milljarðar króna en 7,5 milljarðar í fyrra eða tæpir 12 milljarðar á verðlagi þessa árs.

Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir, að tekjur umfram gjöld yrðu um 3 milljarðar króna og greiðsluafgangur um 9½ milljarður króna, og yrði hann að mestu notaður til þess að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Fyrirsjáanlegt er, að bæði tekjur og gjöld munu fara fram úr tölum fjárlaga, en síðustu áætlanir benda til þess, að ríkissjóður verði hallalaus. Þannig er staða ríkisfjármálanna nú sterkari en um árabíl.

Þróun peningamála hefur að undanförunu verið mun óhagstæðari en að var stefnt í lánsfjár-áætlun. Afar mikil útlán hafa valdið peningapenslu þrátt fyrir batnandi stöðu ríkissjóðs. Á hinn bóginn hafa gjaldeyrisviðskipti dregið úr peningamyndun. Til ágústloka minnkaði gjaldeyriseign bankakerfisins (samsvarar nokkurn veginn breytingu á gjaldeyrisstöðu) um 1,4 milljarða króna (án gengisuppfærslu), en á sama tíma í fyrra jókst hún um 10,6 milljarða króna. Útlán banka og sparisjóða hafa aukist mun meira á þessu ári en í fyrra. Frá ársbyrjun til ágústloka jukust útlán um rúma 94 milljarða króna eða um 42% en um tæplega 34% á sama tímabili í fyrra. Að frádragnum afurðalánavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, hafa útlán aukist um rúmlega 79 milljarða króna (45 milljarða í fyrra) eða nær 48%, sem er verulega umfram almenna verðhækkun frá áramótum til ágústloka. Mikil aukning útlána annars vegar en hægari aukning innlána hins vegar hefur orðið til þess, að lausafjárstaða bankanna hefur versnað mjög á árinu. Til ágústloka versnaði lausafjárstaðan um 27 milljarða króna en um 13,5 milljarða króna í fyrra (rúmlega 21 milljarð á verðlagi 1980). Hér ber að hafa í huga, að á undanförunum árum hefur staða bankanna yfirleitt verið tiltölulega erfið um þetta leyti árs en batnað á síðustu mánuðum ársins.

Nokkrar peningastærðir 1972—1979.
Breytingar frá upphafi til loka árs í %.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Heildarinnlán innlánsstofnana	17,8	33,7	27,5	29,0	32,8	42,9	49,5	59,2
Veltinnlán	22,2	44,2	28,8	40,0	19,3	44,2	40,1	58,8
Almenn spariinnlán	18,1	33,5	29,8	28,3	25,7	40,1	45,3	52,2
Bundin spariinnlán	15,5	25,4	22,6	20,4	62,9	46,5	62,9	73,5
Heildarinnlán innlánsstofnana	19,9	33,1	46,5	22,4	26,2	42,5	40,7	60,0
Endurseld útlán	31,0	47,9	106,7	52,2	27,8	65,5	50,0	47,9
Önnur lán	22,5	18,6	31,2	37,7	15,9	25,8	35,8	64,7
Peningamagn og sparifé (M3)	18,3	33,0	27,5	29,0	32,5	44,0	48,2	57,6
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	19,7	35,4	29,4	31,5	24,1	42,9	42,7	52,4
Peningamagn (M1)	22,7	38,7	28,6	36,9	21,7	47,5	40,1	50,4
Seðlar og mynt í umferð	23,9	26,0	28,3	28,5	28,7	56,5	40,1	29,0
Grunnfé Seðlabankans	24,6	39,4	26,7	34,2	36,3	55,0	55,3	47,2
Til samanburðar:								
Breytingar verðlags	18,7	36,1	52,2	41,7	30,5	36,2	42,8	58,6

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Af 94 milljarða króna útlánaaukningu banka og sparisjóða hafa 67 milljarðar farið til atvinnufyrirtækja, rúmlega 40% aukning frá áramótum, en 24 milljarðar til einstaklinga (55% aukning). Afgangurinn, 3 milljarðar, hefur farið til opinberra aðila. Af hinum stærri atvinnugreinum er aukningin svipuð til sjávarútvegs og verslunar, en nokkru minni til iðnaðar. Í versluninni munar mest um mikla skuldasöfnun olíufélaganna við bankakerfið, sem meðal annars má rekja til versnandi afkomu útgerðarinnar á síðustu mánuðum, meðal annars vegna hækkunar olíuverðs.

Um miðjan september var gripið til ýmissa aðgerða til þess að reyna að draga úr útlánaaukningu banka og sparisjóða á næstu mánuðum. Þótt þetta takist er ljóst, að þróun útlána hefur það sem af er árinu unnið á móti því markmiði lánsfjáráætlunar, að framvinda peningamála stuðlaði að hjöðnun verðbólgu. Útlán bankakerfisins alls (að meðtöldum Seðlabanka) jukust um nær 57% frá ágúst í fyrra til jafnlengdar 1980, en í lánsfjáráætlun var aðeins gert ráð fyrir 29% aukningu á árinu öllu, en sú áætlun var miðuð við mun hægari verðbreytingar en orðið hafa. Verði afkoma ríkissjóðs á síðustu mánuðum ársins svipuð því sem að er stefnt, og verði árangur af nýlegum aðgerðum í peningamálum, má búast við að heldur dragi úr útlánaaukningunni undir lok ársins og hún verði ef til vill svipuð og verðlagshækkunin á árinu.

Peningamagn hefur aukist um tæplega 40% frá áramótum og er það svipuð aukning og á sama tíma í fyrra og nokkru meiri en hækkun verðlags á þessu tímabili. Á hinn bóginn hafa tölur um ársaukningu peningamagns farið lækkandi frá því sem var á síðari hluta árs í fyrra, fyrst og fremst vegna minni skuldasöfnunar ríkissjóðs í Seðlabankanum og rýrnunar gjaldreyrissstöðunnar. Því eru líkur á, að peningamagnsaukningin á þessu ári verði innan við hækkun verðlags (sérstaklega ef eingöngu er litið á peningamagn og almenn spariinnlán). Í ágústlok var ársaukning peningamagns og almennra spariinnlána 46% miðað við um og yfir 50% aukningu á fyrstu mánuðum ársins. Í lánsfjáráætlun var miðað við 35% aukningu.

5. Framleiðsla og hagur atvinnugreina.

Sjávarútvegur.

Þrátt fyrir mikinn afla hefur sjávarútvegurinn átt við rekstrarerfiðleika að stríða á árinu 1980 þótt mismunandi sé eftir greinum. Þessu veldur fernt. Verðlag hefur lækkað erlendis á mikilvægum afurðum frystihúsanna. Olíuverðshækkunin 1979 og 1980 mæðir nú með fullum þunga á greininni. Kostnaðarhækkunin innanlands hefur verið ör. Loks nýtur ekki í sama mæli og í fyrra hagstæðra áhrifa framleiðsluaukningar.

Mikil aflaaukning á síðasta ári gerði útgerðinni auðveldara fyrir að mæta hinni miklu hækkun oliuverðs, auk þess sem sérstakt álag var greitt á fiskverð utan skipta (olíugjald). Framan af þessu ári var aflí mikill og hagur útgerðar all góður, þrátt fyrir að olíugjald utan skipta væri lækkað. Á síðustu mánuðum hefur hins vegar hallað undan fæti. Mjög hefur dregið úr afla frá því sem var á fyrstu mánuðum ársins, meðal annars vegna veiðitakmarkana, og kostnaðarhækkanir hafa verið miklar. Þannig hækkaði útsöluverð á olíu um 25% eftir mitt ár, en oliuverð hafði verið nokkuð stöðugt frá áramótum. Í september síðastliðnum var því svo komið, að áætlaður halli á rekstri botnfiskveiðiskipa nam um 10% af tekjum. Fyrir mitt ár var hins vegar reiknað með, að reksturinn stæði nokkurn veginn í járnnum. Hagur loðnuflotans er mun lakari á þessu ári en undanfarin ár vegna þeirra aflatakmarkana, sem settar hafa verið. Afkoma á loðnuveiðum var mjög góð í nokkur ár og stækkaði loðnuflotinn mikið, enda búist við að unnt yrði að auka veiðarnar á næstu árum. Sú varð hins vegar ekki raunin og er afkastageta flotans því nú umfram það, sem hagkvæmt er við núverandi aflamöguleika.

Á sama tíma og rekstrarafkoma á botnfiskveiðum hefur farið versnandi að undanfögnu, hefur einnig verið erfitt árfærði í mikilvægustu grein fiskvinnslunnar, frystingunni.

Útflutningsverð á frystiafurðum hækkaði talsvert á fyrri hluta ársins 1979 og meira en annað útflutningsverð. Frá meðaltali ársins 1978 og fram yfir mitt ár 1979 hélt hækkun freðfiskverðs einnig vel í við almenna hækkun neysluverðs í Bandaríkjunum. Á síðari hluta fyrri árs og fram yfir síðustu áramót var verðlag á frystiafurðum nokkuð stöðugt í dollurum og hækkaði reyndar örlítið, en þó mun minna en verðlag á öðrum útflutningi. Á sama tíma hækkaði neysluverð í Bandaríkjunum jafnt og þétt og verðbólga þar fór vaxandi. Freðfiskverð hélt þannig ekki í við almenna verðlagsþróun í Bandaríkjunum.

Á fyrstu mánuðum þessa árs lækkaði verð á mikilvægum frystiafurðum á Bandaríkjamarkaði. Söluerfiðleikar á Bandaríkjamarkaði leiddu meðal annars til þess, að frystihúsin urðu að draga úr framleiðslu verðmætustu afurðanna en auka framleiðslu á verðminni afurðum, þannig að meðalverð afurðanna lækkaði. Verð á frystiafurðum í lok júlí var rúmlega 7% lægra í dollurum en í byrjun ársins. Verð á öðrum útflutningsafurðum hefur á hinn bóginn yfirleitt hækkað á þessu ári (nema á landbúnaðarafurðum) og neysluverð í Bandaríkjunum hefur farið ört hækkandi. Í ágúst síðastliðnum var staðan þannig, að verð á helstu frystiafurðum var aðeins 5% hærra í dollurum en meðalverðið 1978, verð alls útflutnings var 13% hærra, en innflutningsverð var 41% hærra. Á sama tíma var neysluverðverð í Bandaríkjunum orðið 27—28% hærra en að meðaltali 1978. Þessar tölur sýna hina erfiðu stöðu frystiðnaðarins um og eftir mitt ár miðað við aðrar útflutningsgreinar að því er verðlagsþróun að undanfögnu snertir. Í fyrri var þetta að nokkru vegið upp með mikilli framleiðsluaukningu frystra fiskafurða, en framan af þessu ári voru nokkur vandkvæði samfara aflaaukningu á fyrstu mánuðum ársins.

Í spám og áætlunum fyrir árið 1980, bæði um þjóðhagsstærðir og afkomu atvinnuvega, var með því reiknað, að verðlag sjávarafurða — þar með frystiafurða — fylgdi í aðalatriðum almennum verðbreytingum í helstu viðskiptalöndum. Þetta hefur ekki orðið — og reyndar hefur verð á freðfiski lækkað eins og fyrr segir. Rekstrarerfiðleikar frystihúsanna hafa þannig stafað bæði af óhagstæðri þróun markaðsverðs og mikilli birgðasöfnun um mitt ár — auk mikilla innlendra kostnaðarhækkana á árinu. Birgðastaðan hefur reyndar batnað að undanfögnu, þar sem framleiðsla hefur dregist verulega saman en afskipanir gengið nokkuð greiðlega, og eru birgðir nú komnar í eðlilegt horf miðað við framleiðslu. Jafnframt er framleiðslan að fara í sitt fyrri horf, að því er varðar skiptingu milli blokka og flaka í neytendaumbúðum. Þetta bætir stöðu greinarinnar frá því sem var í sumar. Á hinn bóginn hafa áframhaldandi örar kostnaðarhækkanir þrengt að rekstri frystihúsanna sem og annarra fyrirtækja, en gengissig krónunnar hefur jafnað áhrif þeirra, að minnsta kosti um sinn. Staða frystingar í lok september var því erfið, reksturinn stóð líklega nokkurn veginn í járnnum, þrátt fyrir verulegar greiðslur úr

Verðjöfnunarsjóði, en greiðslustaða var þröng vegna hallareksturs fyrr á árinu. Frystingin var því illa undir það búin að taka á sig hækkun fiskverðs frá 1. október. Eftir þær aðgerðir, er gripið var til í tengslum við fiskverðsákvörðun, bæði að því er varðar gengisskráningu og lækkun kostnaðar af gengisbundnum afurðalánum, má telja, að hagur frystingar og annarra útflutningsgreina sé sæmilega tryggður við núverandi rekstrarskilyrði.

Afkoma söltunar og herslu er mun betri en afkoma frystingarinnar. Einkum á það við um skreiðarverkunina, enda hefur verð á skreið hækkað verulega. Skreiðarframleiðsla hefur því verið mikil á árinu og verður að líkindum rúmlega tvöfalt meiri en í fyrra. Sama gildir um saltfiskverkun, að þar verður mikil framleiðsluaukning, auk þess sem verðlag hefur hækkað. Fram til þessa hefur þó verið greitt úr Verðjöfnunarsjóði til greinarinnar, enda komu verðhækkanir síðustu veggja ára eftir mikla verðlækkun næstu árin á undan. Um hag fiskmjölsvinnslu gildir svipað og um loðnuveiðiflotann, að aflatakmarkanir á loðnuveiði rýra hag vinnslunnar. Mjölverð hefur þó verið nokkuð hagstætt á þessu ári og farið heldur hækkandi að undanfögnu, en lýsisverð hins vegar verið afar óstöðugt. Eins og áður kom fram, er nú spáð 3—4% aukningu sjávarafurðaframleiðslu á þessu ári. Reyndar er gert ráð fyrir, að aflaverðmæti á föstu verðlagi aukist um nálægt 2%, en útlit er fyrir að breytt framleiðslusamsetning skili heldur meiri afurðaaukningu. Hér er um ýmis matsatriði að ræða við staðvirðingu á afla og framleiðslu og því í raun um að ræða flókið mat á verðbreytingu annars vegar og magnbreytingu hins vegar, sérstaklega þegar miklar breytingar verða á framleiðslusamsetningu, eins og á þessu ári. Freðfiskframleiðsla fyrir Bandaríkjamarkað hefur dregist verulega saman á árinu, eða líklega um 20% til ágústloka, en framleiðsla fyrir aðra markaði hefur aukist. Einnig má nefna, að frysting loðnu og loðnuhrogna varð mun minni á þessu ári en í fyrra. Að öllu samanlögðu virðist framleiðsla frystra afurða hafa dregist saman um 3—4% fyrstu átta mánuði ársins. Saltfiskframleiðsla hefur hins vegar aukist um 30% og útlit er fyrir, að skreiðarframleiðsla á árinu verði rúmlega tvöfalt meiri en í fyrra. Aftur á móti verður framleiðsla á mjöli og lýsi minni á þessu ári en í fyrra vegna minni loðnuaflla. Mikið hefur verið um siglingar íslenskra skipa með ferskan fisk á erlendan markað í sumar og er líklegt, að landanir veiðiskipa erlendis verði heldur meiri nú en í fyrra. Síldarkvóti hefur verið aukinn og sama gildir um humarkvóta og rækjuveiði verður einnig meiri nú en í fyrra.

Landbúnaður.

Horfur í framleiðslumálum landbúnaðarins hafa verið fremur óvissar vegna þeirra ráðstafana, sem beitt er frá og með þessu ári til að draga úr búvöruframleiðslu. Hér er um að ræða innheimtu 200% gjalds á innflutt kjarnfóður og upptöku framleiðslukvótakerfis.

Með hliðsjón af kjarnfóðurgjaldinu og kvótakerfinu hefði mátt ætla, að til nokkurs samdráttar kæmi í landbúnaði, auk þess sem 70 þúsund færri fé var á fóðrum á síðastliðnum vetri en veturinn áður. Á hinn bóginn hefur árað afar vel fyrir búskap og áhrifin af framleiðslustjórninni verða því ekki eins mikil og ella hefði mátt búast við. Fallþungi dilka á þessu hausti er mun meiri en í fyrra og mun líklega vega upp fækkun sláturfjár að fullu. Kindakjötsframleiðslan verður því líklega svipuð og í fyrra. Mjólkurframleiðslan hefur hins vegar dregist saman á árinu og var í júlilok 4% minni en á sama tíma í fyrra. Vegna kjarnfóðurgjaldsins er búist við mun meiri samdrætti síðari hluta ársins, þannig að árið allt verði samdrátturinn líklega um 6%. Uppskera garðávaxta hefur orðið með mesta móti á þessu ári. Því eru nú taldar horfur á, að heildarframleiðsla afurða landbúnaðarins verði 2% minni í ár en í fyrra, en að meðtöldum bústofnbreytingum verði framleiðslan svipuð eða jafnvel ívið meiri en á síðastliðnu ári.

Iðnaður.

Mikil framleiðsluaukning verður í útflutningsiðnaði á þessu ári með tilkomu kísiljárnframleiðslu. Framkvæmdum við síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar er nú að ljúka og hefur afkastageta því aukist úr 25 þúsund tonnum í 50 þúsund tonn á ári. Jafnframt er stækkun

álverksmiðjunnar lokið og afkastageta þar hefur aukist um 13%. Á hinn bóginn er ljóst, að framleiðsla kísiljárns og áls verður minni á þessu ári en afkastageta verksmiðjanna leyfir vegna þeirrar rafmagnsskömmunar, sem orðið hefur að grípa til vegna vatnsskorts. Horfur eru nú á, að álframleiðslan verði svipuð eða ívið meiri en í fyrra en kísiljárnframleiðslan um 70% meiri og yrði þá 2½% allrar útflutningsframleiðslunnar. Töluverð aukning virðist einnig vera í annarri iðnaðarframleiðslu til útflutnings.

Hjá þeim vörugreinum iðnaðar, er selja á innlendum markaði, sýnast horfur á nokkurri aukningu framleiðslunnar í heild. Þessu er þó misjafnt farið í hinum ýmsu greinum og má sérstaklega nefna þann samdrátt, er varð í sælgætis- og kexiðnaði eftir að innflutningur á þessum vörum var gefinn frjáls um síðustu áramót. Þar sem hætta var á, að atvinnurekstur í þessum greinum stöðvaðist, var ákveðið með bráðabirgðalögum í septembermánuði að leggja sérstakt tímabundið gjald á innflutt sælgæti og kex. Vegna þessara aðgerða er nú búist við, að framleiðsla í þessum iðngreinum aukist á ný á síðasta fjórðungi ársins. Hvað varðar viðgerðar-greinar iðnaðar, virðist velta hafa aukist nokkuð umfram verðbreytingar á fyrri hluta ársins, nema í bílaviðgerðum en þar hefur nokkurs samdráttar orðið vart. Í heild er áætlað, að iðnaðarframleiðsla vaxi um nálægt 4% á þessu ári, en það er heldur minni vöxtur en á síðasta ári.

Afkoma útflutningsgreina iðnaðar, sem einkum framleiða úr innlendum hráefnum, hefur verið erfið að undanförunu og í sumum greinum hefur verið við mikla erfiðleika að stríða vegna örra kostnaðarhækkana innanlands á árinu. Gengisbreytingar á síðustu mánuðum hafa þó bætt hag þeirra greina verulega.

Aðrar greinar — framleiðslan í heild.

Af framleiðslu í öðrum greinum má nefna, að mikill vöxtur er í byggingarstarfsemi, ekki síst vegna mun meiri orkuframkvæmda en í fyrra. Verslunarvelta virðist heldur dragast saman að raunverulegu verðgildi frá því sem var á síðasta ári og sama gildir um ýmsar þjónustugreinar. Umsvif í samgöngustarfsemi verða minni nú en í fyrra vegna verulegs samdráttar í rekstri Flugleiða.

Áætlun um breytingar þjóðarframleiðslu 1980 á grundvelli talna um þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuð bendir til rúmlega 1% hagvaxtar á árinu eins og fram kom hér að framan. Þegar vöxtur þjóðarframleiðslu er metinn eftir vísbendingum um breytingar framleiðslu í einstökum atvinnugreinum, verður niðurstaðan áætlun um tæplega 2% hagvöxt. Áætlanir um framleiðslubreytingar í sumum greinum eru þó afar óvissar. Á þessum grundvelli virðist líklegt, að hagvöxtur 1980 verði 1—2%.

Horfur 1981

6. Útflutningsframleiðsla.

Útflutningsspá næsta árs verður einkum að reisa á ákveðnum forsendum um aflu úr mikilvægustu fiskstofnum, bæði með tilliti til skynsamlegrar nýtingar stofnanna á næstu árum og til ástands á helstu mörkuðum fyrir fiskafurðir. Síðustu árin hefur sókn í þorsstofninn verið takmörkuð fyrst og fremst í því skyni að tryggja vöxt og viðgang hans í framtíðinni. Ástand á fiskmarkaði hafði ekki takmarkandi áhrif á sóknina, þar sem greiðlega gekk að selja framleiðsluna. Á þessu ári hefur aftur á móti orðið hér breyting á. Vegna samdráttar í bandarískum þjóðarþúska og aðgerða stjórnvalda þar til þess að draga úr verðbólgu dróst neysla á frystum fiski í Bandaríkjunum saman á fyrstu mánuðum ársins. Jafnframt fór framboð á fiski vaxandi, meðal annars vegna aukinnar framleiðslu á frystum fiskafurðum hér á landi. Þetta leiddi til birgðasöfnunar, eins og áður hefur verið vikið að. Þessir markaðserfiðleikar ásamt erfiðri rekstrarstöðu frystihúsanna, meðal annars vegna lækkanði afurðaverðs, sem beint má rekja til markaðsástandsins, og innlendra kostnaðarhækkana, hafa átt sinn þátt í því, að botnfiskafliinn

síðustu mánuðina varð minni en ella hefði mátt búast við. Þannig má segja, að markaðsaðstæður hafi, að minnsta kosti um sinn, átt nokkurn þátt í því að takmarka framleiðslu sjávarafurða, þótt erfiðleikum á freðfiskmarkaði hafi að nokkru leyti verið mætt með aukinni framleiðslu á öðrum afurðum, einkum skreið.

Afar erfitt er að ráða í framvindu efnahagsmála í Bandaríkjunum á næstu misserum og ekki síður í þróunina á fiskmarkaði þar. Í spám alþjóðastofnana á sviði efnahagsmála, t. d. Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) er gert ráð fyrir, að samdrátturinn í þjóðarþúska Bandaríkjanna verði skammvinnur og fljótlega á næsta ári muni þjóðarframleiðsla fara vaxandi á ný. Jafnvel þótt umsvif í bandarískum þjóðarþúska fari vaxandi á næsta ári er líklegt, að nokkur tími líði áður en jafnvægi kemst á aftur á freðfiskmarkaði. Hér þarf einnig að hafa í huga harðnandi samkeppni við aðrar fiskisöluþjóðir á markaðnum. Við þessar aðstæður er erfitt að afla nýrra markaða, en nauðsynlegt er að vinna stöðugt að þessu mikilvæga verkefni. Saltfisk- og skreiðarframleiðsla hefur farið vaxandi og markaður fyrir þær afurðir verið góður, en takmörk eru fyrir því, hvað unnt er að auka framleiðslu á þeim afurðum á skömmum tíma án þess að það komi niður á verðinu. Að öllu samanlögðu má líklega segja, að um þessar mundir sé markaðsástand þannig, að erfitt gæti reynst að auka framleiðslu og útflutning botnfiskafurða að marki, að minnsta kosti um sinn.

Hafrannsóknastofnun hefur sett fram nokkur dæmi um þróun þorskstofnsins næstu árin miðað við mismunandi takmörkun sóknar og afla. Dæmi þessi eru byggð á nýjustu rannsóknarniðurstöðum. Þar kemur meðal annars fram, að Hafrannsóknastofnunin telur að með 350 þúsund tonna þorskafla næstu árin gæti hrygningarstofn og heildarstofn þorsks verið kominn í jafnvægi upp úr miðjum níunda áratugnum og hámarksafrakstur náðst um 1986. Verði þorskaflinn hins vegar um 400 þúsund tonn á ári næstu árin yrði vöxtur stofnsins hægari, en hámarksafrakstur gæti þó náðst um miðjan tíunda áratuginn. Dæmi af þessu tagi, sem reiknuð eru langt fram í tímann, eru vitaskuld verulegri óvissu háð, og nauðsynlegt að endurmeta horfur reglulega í ljósi síðustu rannsókna. Hafrannsóknastofnunin mun í nóvembermánuði gera nýja úttekt á ástandi þorskstofnsins og setja fram tillögur um aflahámark fyrir árið 1981.

Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir mun fiskveiðistefnan fyrir næsta ár við það miðuð að þorskafla verði svipaður og ætlað er að hann verði á þessu ári. Leitað verður leiða til að dreifa ársaflaum jafnar yfir árið og ná þannig betra samræmi en verið hefur á þessu ári milli aflans sem að landi berst hverju sinni og afkastagetu fiskvinnslustöðva. Í þessu felst að sóknartakmarkanir á þorskveiðiskip þurfi að vera nokkru strangari á næsta ári en á þessu ári einkum á fyrri hluta ársins. Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 er því miðuð við sama þorskafla og spáð er 1980 og sama gildir um afla af öðrum botnfiski.

Með þeim kvóta, sem ákveðinn hefur verið fyrir loðnuveiðar í haust og vetur, yrði loðnuafllinn á komandi vetrarvertíð mun minni en á hinni síðustu. Þetta ræðst þó ekki fyrr en um áramót, þegar betri vitneskju hefur verið aflað um ástand loðnustofnsins. Um mögulegan loðnafla næsta haust er einnig allt í óvissu. Hér verður gert ráð fyrir, að heildarloðnaflinn á næsta ári verði svipaður og á þessu ári. Þetta gæti þó verið í bjartsýnna lagi, ef ástand loðnustofnsins reynist óbreytt frá því sem talið var í sumar. Ennfremur verður hér reiknað með, að annar sjávarafli verði svipaður á næsta ári og á þessu ári. Þetta felur í sér, að heildarframleiðsla sjávarafurða verði óbreytt milli 1980 og 1981.

Um aðra framleiðslu til útflutnings er helst að nefna, að síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar er nú að ljúka og verksmiðjan að komast í full afköst. Framleiðslan gæti því aukist um 80—85% á næsta ári, en sú aukning jafngildir nær 2% aukningu heildarframleiðslu til útflutnings. Kísiljárn gæti þá orðið um 4% af allri útflutningsframleiðslunni. Stækkun álversins lauk fyrr á árinu og gera má ráð fyrir, að framleiðslan aukist um 9% á næsta ári. Þessi framleiðsluaukning á áli og kísiljárn á næsta ári er undir því komin, að verksmiðjurnar fái nægilegt rafmagn til þess að starfa með fullum afköstum allt árið og að markaður fyrir þessar

vörur verði traustur. Markaðurinn kynni hins vegar að þrengjast, ef efnahagsástand í iðnríkjunum versnar frá því, sem opinberar spár gera ráð fyrir. Þetta gæti einnig að nokkru leyti komið fram í birgðasöfnun verksmiðjanna, þannig að útflutningur yrði heldur minni en framleiðslan.

Framleiðsla á öðrum iðnaðarvörum til útflutnings hefur haldið áfram að aukast á þessu ári og á fyrstu átta mánuðum ársins nam aukningin 12% að magni miðað við sama tíma í fyrra. Á árinu öllu verður aukningin líklega meiri. Horfur virðast nokkuð góðar á næsta ári og má gera ráð fyrir að þessi framleiðsla haldi áfram að aukast. Útflutningur landbúnaðarvöru dregst hins vegar saman á árinu 1980 miðað við árið í fyrra, bæði útflutningur sauðfjárafurða og mjólkurafurða. Á næsta ári er búist við frekari samdrætti í útflutningi landbúnaðarafurða.

Að öllu samanlögðu fela framangreindar forsendur í sér nær 4% aukningu útflutningsframleiðslunnar á næsta ári samanborið við 5—6% aukningu á árinu 1980. Aukning útflutnings yrði svipuð, ef birgðabreytingar verða ekki miklar.

7. Viðskiptakjör.

Rýrnun viðskiptakjara frá síðastliðnu ári stafar aðallega af hækkun olíuverðs undir lok liðins árs og framan af þessu ári og verðlækkun á frystiafurðum. Olíuverð og freðfiskverð mun því ráða miklu um þróun viðskiptakjara á næsta ári, auk almennrar verðþróunar í heimsviðskiptum. Freðfiskverð mun fyrst og fremst ráðast af efnahagsframvindu í Bandaríkjunum og ástandi á fiskmarkaði þar. Eins og áður sagði, er yfirleitt búist við, að þjóðarframleiðsla fari á ný vaxandi í Bandaríkjunum á næsta ári, en þó er gert ráð fyrir, að batinn verði hægur. Erfitt er að segja, hvaða áhrif slíkur bati hefði á eftirspurn eftir fiski í Bandaríkjunum, en hann ætti þó að auðvelda að jafnvægi komist aftur á á fiskmarkaði. Það getur hins vegar tekið nokkurn tíma og því óvíst, hvort verðlag hækkar á næstunni. Það fer einnig eftir verðlagi á öðrum matvælum, en búist hefur verið við hækkun á verði ýmissa matvælategunda undir lok þessa árs. Að öllu samanlögðu virðist ekki útlit fyrir almenna verðhækkun á frystiafurðum á næstunni.

Verðlag á ýmsum öðrum sjávarafurðum hefur hækkað talsvert frá fyrra ári, til dæmis á saltfiski og skreið, en vafasamt er, að framhald verði á þeirri þróun. Verð á fiskmjöli hefur hækkað frá því í fyrra og raunar farið hækkandi að undanfögnu. Eru taldar horfur á, að verðið verði áfram nokkuð hátt miðað við það sem hefur verið síðustu misseri. Verð á lýsi hefur hins vegar verið mjög sveiflukennt á árinu.

Alverð hækkandi mikið í fyrra og það sem af er árinu hefur verðið hækkað enn, þrátt fyrir að verð á ýmsum öðrum málmum hafi farið lækkandi á síðustu mánuðum. Áætlað er, að álnotkun í heiminum dragist lítilsháttar saman á árinu og gæti það haft áhrif á verðið á næstunni. Verð á kísiljárnri hefur verið nokkuð stöðugt eftir mikla hækkun í fyrra, en síðustu mánuðina hefur gætt lítilsháttar verðlækkunar. Verð á áli og kísiljárnri á næsta ári mun mjög ráðast af efnahagsframvindunni í heiminum, en ekki er gert ráð fyrir verðbreytingum fyrr en líða tekur á næsta ár, en þá gæti verðið farið hækkandi.

Í spám alþjóðastofnanna, t. d. OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og annarra stofnana, er fylgjast með framvindu efnahagsmála í heiminum, er gert ráð fyrir, að verðbreytingar í heimsviðskiptum verði hægari á næsta ári en 1979 og 1980, vegna samdráttar í heimsbúskapnum. Þetta á bæði við um verð á hrávörum og fullunnum iðnaðarvörum. Verðlækkun gæti orðið á einstökum vörum, sem hafa hækkað umfram meðallag að undanfögnu, en í heild er gert ráð fyrir áframhaldandi hækkun, þótt í minna mæli verði. Um olíuverð ríkir að venju mikil óvissa. Áætlað er, að olíunotkun í iðnríkjunum dragist saman um rúmlega 3% á þessu ári miðað við síðasta ár og á næsta ári er ekki gert ráð fyrir aukningu. Olíubirgðir alþjóðlegu olíufélaganna eru allmiklar um þessar mundir miðað við undanfarin ár, en ólíklegt er talið, að olíufélagin og önnur fyrirtæki í olíuviðskiptum muni ganga á birgðir á næstunni vegna óvissu um framboð á olíu. Olíuframleiðsla í iðnríkjunum eykst minna á þessu og næsta ári en að undanfögnu, en hins vegar hefur orðið talsvert aukning olíuvinnslu í ýmsum þróunarlöndum,

t. d. í Mexíkó, sem ekki er aðili að samtökum olíuútflutningsríkja (OPEC). Samkvæmt áætlunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru líkur á, að eftirspurn eftir olíu frá ríkjum OPEC muni dragast saman um nær 9% á þessu ári og um 2—3% á næsta ári. Þetta gæti þýtt um 8—9% samdrátt í olíuvinnslu þessara ríkja á þessum tveimur árum til samans, þegar tillit hefur verið tekið til vaxandi olíunotkunar þeirra sjálfra. Sum ríkin drógu úr framleiðslu í sumar og talið var, að þau mundu haga olíuvinnslu í samræmi við eftirspurn. Stríðið milli Íraka og Írana hefur mjög raskað ástandinu á olíumarkaði, þar sem olíuútflutningur frá þessum löndum hefur að miklu leyti stöðvast. Önnur olíuríki hafa hins vegar lýst yfir, að þau muni auka framleiðsluna til þess að fylla í skarðið. Í spám alþjóðastofnana er yfirleitt notuð sú forsenda, að olíuverð hækki svipað og verð á útflutningi frá iðnríkjunum, en innan samtaka OPEC-ríkja hafa verið umræður um slíka viðmiðun í framtíðinni, þótt ákvörðun um það hafi ekki verið tekin.

Olíuinnflutningur Íslendinga miðast að mestu leyti við verðskráningu á Rotterdammarkaði, þótt þar hafi nú orðið nokkur breyting á með samningi við breska ríkisolíufélagið (BNO), en verð á þeirri olíu er tengdara verði á hráolíu í heimsviðskiptum en verð á Rotterdammarkaði. Rotterdamverðið lækkaði mjög fram eftir ári og var orðið lægra en búast mátti við út frá verði á hráolíu frá OPEC-ríkjum. Verð á Rotterdammarkaði hefur rokið upp síðustu vikur vegna ástandsins á landamærum Íraks og Írans, en ógerningur er að spá um verðþróunina á næstu misserum. Hér verður gert ráð fyrir því, að hækkingin verði svipuð og á öðrum innflutningi eða um 7—8% í erlendri mynt milli árána 1980 og 1981.

Að því er útflutningsverð varðar, þá er einkum mikil óvissa um verð á frystum afurðum. Annað útflutningsverð gæti líklega hækkað svipað og innflutningsverð, þótt það megi ef til vill telja í bjartsýnna lagi. Verð á einstökum frystiafurðum gæti einnig hækkað eitthvað á næstu misserum, en lengra gæti liðið áður en úr rættist með verð á verðmætustu afurðinni, þorsklökum í neytendaumbúðum. Af þessum sökum verður hér gert ráð fyrir, að útflutningsverð hækki heldur minna en innflutningsverð á næsta ári eða um 6%. Þetta fæli í sér, að viðskiptakjörin á næsta ári yrðu óbreytt frá því, sem áætlað er að þau verði á síðari hluta þessa árs. Það þýðir 1—2% rýrnun viðskiptakjara á næsta ári samanborið við 5% rýrnun í ár og 9% rýrnun á síðasta ári eða samtals 15% á þremur árum. Enn skal ítrekað, að spáin fyrir næsta ár er reist á mörgum ótryggum forsendum, en þegar á heildina er lítið virðast ekki líkur á viðskiptakjara-bata á næsta ári.

8. Verðlag og tekjur.

Nú eru horfur á, að verðbólgan á árinu 1980 verði 52—54%, ef miðað er við hækkingu framfærsluvísitölu frá upphafi til loka ársins, og reyndar svipuð á aðra mælikvarða. Þótt þannig hafi nokkuð dregið úr hækkingu verðlags í ár miðað við síðasta ár, eru litlar líkur á, að áfram miði í rétta átt á næsta ári, nema unnt verði að ná betri tókum á þeim þáttum efnahagsmála, sem mestu ráða um verðlagsþróunina. Víxlgangur þessara þátta, hvort sem lítið er á verðlag, laun og gengi eða þróun peningamála, virðist orðinn rótgróinn í hagkerfinu.

Eitt meginatriðið í efnahagsmálum á næsta ári er að ná verulegum áfanga í hjöðnun verðbólgu, eins og fram kemur í I. hluta þessarar skýrslu. Í framhaldi af því er í II. hluta skýrslunnar gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir til þess að ná viðunandi árangri á þessu sviði á næsta ári. Þar kemur meðal annars fram, að fyrirhugað er að endurskoða vísitölukerfið í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kostnaðar og verðlags. Í verðlagsmálum verður miðað að því að draga smám saman úr verðhækkunum á þeirri vöru og þjónustu, sem er undir stjórn verðlagsyfirlalda. Reynslan sýnir hins vegar, að slíkar verklagsreglur, sem taka mið af ákveðnum mörkum, eru vart haldgóðar nema jafnframt takist að hafa hemil á mikilvægustu innlendum kostnaðarþáttum. Gengisskráningin mun sem fyrr aðallega ráðast af innlendum kostnaðarhækkunum og þróun viðskiptakjara, ef tryggja á samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega og þar með atvinnuöryggi.

Á grundvelli áðurgreindra forsendna um viðskiptakjör og þeirrar stefnu, sem lýst er í II.

hluta þessarar skýrslu, er gert ráð fyrir nokkurri hjöðnun verðbólgu á næsta ári. Verðlagsþróunin næstu mánuðina mun að verulegu leyti ráðast af áhrifum þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar hafa reynst til þess að tryggja afkomu sjávarútvegs í kjölfar mikilla kostnaðarhækkana og óhagstæðrar markaðsþróunar frystiafurða á árinu auk þess sem grunnkaupshækkanir í almennum kjarasamningum munu óhjákvæmilega hafa einhverjar verðhækkanir í för með sér. Árangur aðgerða til hjöðunar verðbólgu mun því ekki að marki koma í ljós fyrir en líða tekur á árið. Hér skiptir þó meginmáli, að þegar verði hafist handa við framkvæmd þeirrar stefnu, sem ákveðin hefur verið. Verði henni fylgt eftir með markvissum aðgerðum á næstu mánuðum, gæti meðalhækkun verðlags milli árána 1980 og 1981 orðið nálægt 42% eins og miðað er við í fjárlagafrumvarpi. Þar sem verðlag um næstu áramót verður líklega rúmlega 20% hærra en ársmeðaltalið 1980, fæli þetta í sér, að verðhækkun frá upphafi til loka næsta árs yrði minni en meðalhækkun milli ára. Samkvæmt þessum áformum yrði verðbólga frá upphafi til loka árs 1981 innan við 40%.

Breyting kaupmáttar tekna milli árána 1980 og 1981 mun einkum ráðast af niðurstöðum almennra kjarasamninga í haust, tilhögun verðbóta á laun, álagningu beinna skatta og ákvörðun tryggingabóta auk þess sem verðlagsþróunin mun hafa þar áhrif á. Margir þessara þátta eru enn óráðnir, og því ekki unnt að setja fram sundurliðaða spá um kaupmátt tekna á næsta ári. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir, að tekjuskattur einstaklinga hækki jafnt og forsenda frumvarpsins um tekjubreytingu milli 1980 og 1981, þannig að skattbyrði verði óbreytt. Ennfremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir nokkurri hækkun bóta almannatrygginga umfram launabreytingar. Í þjóðhagsáætlun þessari er gert ráð fyrir, að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði svipaður á næsta ári og að meðaltali á þessu ári.

9. Þjóðarútgjöld.

Á árinu 1980 er gert ráð fyrir um 1% samdrætti einkaneyslu, sem er minna en búast mætti við frá áætlun um kaupmátt ráðstöfunartekna, eins og áður kom fram. Þótt kaupmátturinn ráði til lengdar mestu um einkaneyslu, hafa ýmsir aðrir þættir áhrif á neysluna. Má til dæmis nefna samhengi vaxta og verðlagsþróunar. Hækkandi raunvextir leiða líklega til þess, að sparnaður eykst en úr neyslu dregur miðað við það sem ella yrði. Forsendur um kaupmátt ráðstöfunartekna á næsta ári eru um margt óráðnar, eins og þegar hefur komið fram. Verður hér gert ráð fyrir nokkurn veginn óbreyttum kaupmætti frá meðaltali ársins 1980 og að einkaneysla aukist sem svarar fólksfjölgun eða um 1%. Þetta er þó nánast aðeins dæmi meðan niðurstöður kjarasamninga liggja ekki fyrir og margt annað er óráðið sem áhrif hefur á einkaneysluna. Um samneysluna verður hér notuð sama forsenda og um einkaneyslu að hún vaxi um 1% á næsta ári. Þessi forsenda er reist á mati á útgjaldatölum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1981, en lítið er vitað um fyrirætlanir sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í II. kafla skýrslunnar, er stefnt að því, að á árinu 1981 verði fjárfesting um fjórðungur þjóðarframleiðslu. Af einstökum liðum má nefna, að innflutningur flugvéla verður mun minni á næsta ári en í ár. Sama gildir um innflutning fiskiskipa miðað við þau áform, sem þekkt eru, en hins vegar munu fleiri flutningaskip bætast í flotann á næsta ári en í ár. Samtals gæti innflutningur skipa og flugvéla orðið um 60% minni að raunverulegu verðgildi, ef eingöngu er miðað við þau áform um kaup, sem nú eru þekkt. Framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna lýkur að mestu á þessu ári og sama gildir um stækkun álverksmiðjunnar, en þar verður áfram unnið við uppsetningu hreinsitækja á næsta ári. Líklegt er, að opinberar framkvæmdir verði heldur meiri á næsta ári en á þessu ári, ef tekið er mið af fjárlagafrumvarpi og áætlun um aðrar opinberar framkvæmdir en þar koma fram. Aukningin verður fyrst og fremst í raforkuframkvæmdum. Gert hefur verið ráð fyrir, að íbúðabyggingar dragist heldur saman í ár, en ekki er enn unnt að styðja þá áætlun beinum upplýsingum um byggingarstarfsemi. Hér verður gert ráð fyrir svipuðum íbúðabyggingum á næsta ári og á þessu ári. Vegna þess sem áður var sagt um járnblendiverksmiðju og álverksmiðju og innflutning

flugvéla og kaupskipa má búast við að fjárfesting atvinnuveganna verði heldur minni á árinu 1981 en á þessu ári. Líklega má einnig gera ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum í landbúnaði og ef til vill fleiri greinum, en fjárfesting í iðnaði mun líklega aukast, meðal annars vegna framkvæmda við Áburðarverksmiðjuna. Nú er unnið að undirbúningi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 en í henni verður gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum fjármunamyndunarinnar, þar á meðal um opinberar framkvæmdir og starfsemi fjárfestingarlánasjóða. Þessar forsendur um neyslu og fjárfestingu fela í sér að þjóðarútgjöld dragist lítillega saman á næsta ári eða um 0,7%.

10. Viðskiptajöfnuður.

Gera má ráð fyrir að samdrætti þjóðarútgjalda fylgi einnig nokkur samdráttur vöruinnflutnings, ef verðhlutföll milli innflutnings og innlendrar framleiðslu breytast ekki í þá átt að ýta undir innflutning. Samdrátturinn verður einkum í innflutningi skipa og flugvéla og innflutningi til stóriðjuframkvæmda, en almennur vöruinnflutningur gæti aukist lítilsháttar. Í heild verður hér gert ráð fyrir 1—2% minnkun vöruinnflutnings á föstu verðlagi. Vöruútflutningur er talinn aukast um nær 4% á næsta ári á þeim forsendum um útflutningsframleiðslu sem áður voru raktar. Þetta felur í sér, að 17 milljarða króna afgangur verði á vöruskiptajöfnuði á næsta ári, reiknað á verðlagi ársins 1980, samanborið við áætlaðan 6 milljarða halla í ár. Að óbreyttum viðskiptakjörum yrði afgangurinn um 22 milljarðar króna á verðlagi og gengi ársins 1981. Ef forsenda þjóðhagsspár um 1—2% rýrnun viðskiptakjara milli árunna 1980 og 1981 reynist rétt, verður afgangur á vöruskiptajöfnuði heldur minni eða 16 milljarðar króna, tæplega 1% af þjóðarframleiðslu.

Utanríkisviðskipti 1980—1981.

	Milljarðar króna á f. o. b.-verði		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Spá 1980	Spá 1981	1980	1981
Útflutningsframleiðsla:				
Sjávarafurðir	319,0	450,0	4,0	0,0
Al	60,0	93,0	1,5	9,5
Kísiljárn	10,5	28,0	71,0	81,0
Annað	48,0	74,0	15,5	4,0
Samtals	437,5	645,0	5,7	3,7
Birgðabreytingar	÷ 3,5	÷ 5,0	.	.
Vöruútflutningur	434,0	640,0	5,5	3,7
Vöruinnflutningur:				
Skip og flugvélar	22,2	12,8	18,1	÷ 60,0
Til Landsvirkjunar	5,2	8,5	.	15,0
Til álverksmiðju ¹⁾	36,0	53,2	7,0	3,5
Til járnblendiverksmiðju ¹⁾	9,6	15,5	35,0	10,0
Almennur vöruinnflutningur	367,0	534,0	4,0	1,0
þ. a. olía	78,0	107,0	÷ 7,0	÷ 5,0
þ. a. annað	289,0	427,0	7,0	2,5
Vöruinnflutningur alls	440,0	624,0	6,0	÷ 1,5
Vöruskiptajöfnuður	÷ 6,0	16,0	.	.
Þjónustujöfnuður	÷ 40,0	÷ 56,0	.	.
Viðskiptajöfnuður	÷ 46,0	÷ 40,0	.	.
Viðskiptajöfnuður sem % af vergri þjóðarframleiðslu	÷ 3,5%	÷ 2,2%	.	.

1) Hráefni og fjárfestingarvörur.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Útlit er fyrir um 40 milljarða króna halla á þjónustujöfnuði í ár og fátt bendir til þess, að hann breytist mikið á næsta ári. Það fer þó mjög eftir því hvernig rekstur samgöngugreina gengur á næsta ári. Vaxtagreiðslur af erlendum lánum munu aukast vegna skuldaaukningar í ár, en vaxtaþróun á erlendum fjármagnsmarkaði skiptir einnig máli. Ekki eru líkur á, að umtalsverðar breytingar verði á öðrum liðum þjónustureiknings. Þetta fæli í sér 56 milljarða halla á þjónustujöfnuði á næsta ári og samtals yrði viðskiptahallinn þá um 40 milljarðar króna eða rúmlega 2% af þjóðarframleiðslu samanborið við 3,5% halla í ár. Við ákvarðanir um erlendar lántökur á næsta ári þarf að líta til þessarar niðurstöðu á viðskiptajöfnuði auk þess sem hafa þarf í huga endurgreiðslur af erlendum lánum, en þær verða heldur meiri á næsta ári en á þessu ári. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður gerð nánari grein fyrir þessum málum.

11. Þjóðarframleiðsla — Þjóðartekjur.

Niðurstöður þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1981 benda til, að þjóðarframleiðslan vaxi um rúmlega 1% eða svipað og á þessu ári. Vegna versnandi viðskiptakjara verður aukning þjóðartekna minni eða rúmlega 1/2%, þannig að þjóðartekjur á mann dragast lítilsháttar saman.

Sú aukning þjóðarframleiðslu, sem fram kemur í þessari þjóðhagsáætlun, er svipuð og nemur áætlaðri fjölgun á vinnumarkaði. Því virðist ekki hætta á, að atvinnuástand breytist að marki frá því sem verið hefur á líðandi ári. Þó gæti heldur dregið úr þeirri spennu eftirspurnar, sem ríkt hefur á vinnumarkaði að undanfögnu.

Þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur og þjóðarútgjöld 1980—1981.

	Milljarðar króna á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Spá 1980	Spá 1981	1980	1981
Einkaneysla	832,0	1 193,0	÷1,0	1,0
Samneysla	156,0	224,0	2,0	1,0
Fjármunamyndun, alls	348,5	468,0	8,5	÷5,5
Atvinnuvegir	143,1	172,6	6,0	÷15,0
Íbúðarhús	72,2	102,5	+3,0	0,0
Opinberar framkvæmdir	133,2	192,9	22,0	2,0
P. a. orkuframkvæmdir	73,5	108,5	37,0	4,0
Birgðabreytingar	3,5	5,0	.	.
Þjóðarútgjöld	1 340,0	1 890,0	1,7	+0,7
Útflutningur vöru og þjónustu	574,0	845,0	1,2	3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	620,0	885,0	2,6	÷0,4
Viðskiptajöfnuður	÷46,0	÷40,0	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	1 294,0	1 850,0	1,0	1,1
Viðskiptakjaraáhrif ¹⁾	÷2,0	÷0,5
Vergar þjóðartekjur	÷1,0	0,6

1) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Töfluviðauki

Tafla 1. Þjóðarframleiðsla og -útgjöld 1970—1979.

Tafla 2. Útflutnings- og innflutningsverð
Viðskiptakjör 1972—1980.

Tafla 3. Verðlag 1970—1980.

Tafla 4. Fjármál ríkisins 1972—1979.

Tafla 5. Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961—1979.

Tafla 1. Þjóðarframleiðsla og -útgjöld 1970—1979.
Milljónir króna.

	Á verðlagi hvers árs									Bráðab.		
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1978	1979
Einkaneysla	28 183	35 667	44 685	60 919	93 210	124 990	164 110	232 380	354 550	531 610	354 550	531 610
Samneysla	4 230	5 519	7 225	9 924	15 670	21 968	29 938	42 978	68 360	100 600	68 360	100 600
Fjármunamyndun	10 511	16 050	19 100	28 610	45 150	63 560	78 010	108 750	150 540	212 940	150 540	212 940
Birgðabreytingar	+393	1 580	+840	+189	2 578	3 680	+1 710	7 030	+3 890	3 100	+3 890	3 100
Þjóðarútgjöld, alls	42 531	58 816	70 170	99 264	156 608	214 198	270 348	391 138	569 560	848 250	569 560	848 250
Útflutningur vöru og þjónustu	21 138	22 373	26 205	37 390	48 080	72 190	105 520	145 270	249 805	385 615	249 805	385 615
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	20 487	26 233	27 960	40 025	63 610	93 570	109 910	154 925	241 935	392 835	241 935	392 835
Viðskiptajöfnuður	651	+3 860	+1 755	+2 635	+15 530	+21 380	+4 390	+9 655	7 870	+7 220	7 870	+7 220
Verg þjóðarframleiðsla	43 182	54 956	68 415	96 629	141 078	192 818	265 958	381 483	577 430	841 030	577 430	841 030
	Á verðlagi ársins 1969											
	Bráðab.											
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1978	1979
Einkaneysla	25 311	29 459	32 292	35 101	37 558	33 802	34 140	36 871	39 083	39 865	39 083	39 865
Samneysla	3 551	3 791	4 078	4 463	4 736	4 964	5 311	5 353	5 554	5 665	5 554	5 665
Fjármunamyndun	9 272	13 171	13 043	15 670	17 360	15 900	15 490	17 270	16 040	15 790	16 040	15 790
Birgðabreytingar	+255	1 351	+787	+350	952	1 243	+770	570	+147	+110	+147	+110
Þjóðarútgjöld, alls	37 879	47 772	48 626	54 884	60 606	55 909	54 171	60 064	60 530	61 210	60 530	61 210
Útflutningur vöru og þjónustu	19 095	18 366	20 255	22 052	21 888	22 187	24 836	27 403	31 395	33 111	31 395	33 111
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	19 932	24 356	24 699	29 368	33 250	29 819	29 455	34 950	37 120	38 272	37 120	38 272
Viðskiptajöfnuður	+837	+5 990	+4 444	+7 316	+11 362	+7 632	+4 619	+7 547	+5 725	+5 161	+5 725	+5 161
Verg þjóðarframleiðsla	37 042	41 782	44 182	47 568	49 244	48 277	49 552	52 517	54 805	56 049	54 805	56 049
Áhrif viðskiptakjarabreytinga	1 463	2 807	2 815	4 881	3 782	1 673	3 395	5 195	5 445	3 176	5 445	3 176
Vergar þjóðartekjur	38 505	44 589	46 997	52 449	53 026	49 950	52 947	57 712	60 250	59 225	60 250	59 225

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2. Útflutnings- og innflutningsverð — Viðskiptakjör 1972—1980¹⁾.
 Vísitölur 1972 = 100,0.

	Útflutnings- verð í erl. mynt	Innflutnings- verð í erl. mynt	Viðskiptakjör	
			Vísitala	Breyting frá fyrra ári, %
1972	100,0	100,0	100,0	÷0,6
1973	131,6	114,1	115,3	15,3
1974	158,8	152,7	104,0	÷9,8
1975	142,4	160,3	88,8	÷14,6
1976	168,4	168,3	100,1	12,7
1977	192,1	177,1	108,5	8,4
1978	199,1	183,5	108,5	0,0
1. ársfjórðungur	198,4	182,1	109,0	1,3
2. ársfjórðungur	200,0	188,2	106,3	÷1,9
3. ársfjórðungur	199,8	188,8	105,8	÷2,6
4. ársfjórðungur	192,2	193,8	99,1	÷8,7
1979	214,7	220,6	97,3	÷10,3
1. ársfjórðungur	200,8	197,0	102,0	÷6,4
2. ársfjórðungur	217,1	220,2	98,6	÷7,2
3. ársfjórðungur	209,0	224,0	93,2	÷11,9
4. ársfjórðungur	217,3	241,1	90,1	÷9,0
1980				
1. ársfjórðungur	229,1	251,0	91,2	÷10,6
2. ársfjórðungur	226,9	242,7	93,5	÷5,2

1) Verð alls vöruútflutnings og almenns vöruinnflutnings, reiknað á mælikvarða miðgengis.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3. Verðlag 1970—1980.
Vísitölur 1970 = 100.

	Framfærsluvísitala			Vísitala vöru- og þjónustu ¹⁾			Byggingarvísitala ²⁾		
	Hækkun %			Hækkun %			Hækkun %		
	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs
1971	106,4	6,4	3,8	107,4	7,4	3,9	112,2	12,2	10,0
1972	117,4	10,3	13,0	122,8	14,4	17,9	136,9	22,0	20,4
1973	143,5	22,2	34,2	153,2	24,7	35,1	174,9	27,8	38,2
1974	205,2	43,0	49,7	217,7	42,2	49,6	265,8	52,0	57,5
1975	305,6	49,0	41,0	327,2	50,2	43,2	377,8	42,1	34,1
1976	404,0	32,2	32,5	436,7	33,5	33,0	466,5	23,5	25,6
1977	527,0	30,4	36,0	570,0	30,5	34,8	606,5	30,0	39,0
1978	759,2	44,1	39,2	822,3	44,3	40,7	892,8	47,2	46,9
Febrúar	643,7	37,2	.	702,0	37,5	.	792,7	42,2	.
Mái	718,0	42,8	.	772,8	43,0	.	895,9	57,2	.
Ágúst	799,2	51,7	.	865,6	52,2	.	990,9	50,9	.
Nóvember	848,7	46,9	.	921,9	47,3	.	1065,2	46,6	.
1979	1104,6	45,5	60,7	1198,3	45,7	63,0	1312,4	47,0	54,3
Febrúar	888,6	38,0	.	966,2	37,6	.	1156,0	45,8	.
Mái	998,6	39,1	.	1071,5	38,6	.	1275,8	42,4	.
Ágúst	1134,1	41,9	.	1228,5	41,9	.	1465,9	47,9	.
Nóvember	1314,3	54,9	.	1435,2	55,7	.	1643,2	54,3	.
1980
Febrúar	1434,0	61,4	.	1571,5	62,6	.	1795,9	55,4	.
Mái	1623,8	62,6	.	1750,3	63,3	.	2023,1	58,6	.
Ágúst	1788,2	57,7	.	1938,4	57,8	.	2225,4	51,8	.

1) A-liður framfærsluvísitölu.

2) Mánadartölurnar sýna framfærsluvísitölu og vísitölu vöru og þjónustu í þeim mánuði, sem þær eru reiknaðar út. Vísitala byggingarkostnaðar er hins vegar ekki reiknuð út í sömu mánuðum og eiga byggingarvísitölurnar því við næsta útreikning á eftir þeim mánuðum, sem getið er í töflunni. Frá 1968 og fram á síðari hluta ársins 1975 var vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Í árslok 1975 var tekinn upp nýr grunnur byggingarvísitölu, og er hún nú reiknuð fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 4. Fjármál ríkisins 1972—1979.
Rekstrargrunnur. Milljónir króna.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
A. Rekstrarreikningur								
1. Tekjur	18 530	24 876	37 721	51 044	71 324	100 278	163 651	248 036
Tekju- og eignarskattar	4 317	5 672	5 937	6 104	9 187	11 043	28 045	46 218
Aðrir skattar	13 999	18 912	31 393	44 183	60 978	87 337	132 695	196 578
Aðrar tekjur	214	292	391	757	1 159	1 898	2 911	5 239
2. Útgjöld	18 395	25 129	41 007	58 577	70 508	102 821	165 260	249 146
Samneysla	5 040	7 105	11 156	14 588	20 250	35 582	56 943	85 529
Vextir	335	456	789	1 796	2 398	3 346	6 446	7 599
Neyslu- og rekstrartilfærslur	8 683	12 179	20 388	27 475	31 072	41 254	72 035	114 485
Til almannatrygginga	5 681	8 095	11 577	16 502	19 905	23 243	42 872	65 968
Niðurgreiðslur	1 681	2 142	3 740	5 586	5 157	5 770	11 785	22 493
Annað	1 321	1 942	5 071	5 387	6 010	12 241	17 378	26 024
Fjármunamyndun	1 590	2 126	3 012	4 796	4 701	8 013	9 606	14 329
Fjármagnstilfærslur	2 747	3 263	5 662	9 922	12 087	14 626	20 230	27 204
3. Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld	135	+253	+3 286	+7 533	816	+2 543	+1 609	+1 110
B. Lána- og viðskiptareikningar								
4. Lánveitingar, nettó	8	12	43	492	520	535	2 320	1 122
5. Lántökur, nettó ¹⁾	622	693	830	2 177	1 909	3 899	5 716	4 076
6. Lánajöfnuður	614	681	787	1 685	1 389	3 364	3 396	2 954
7. Viðskiptareikningar	+632	+729	+892	344	+2 723	+2 585	+5 581	406
C. Greiðslujöfnuður	117	+301	+3 391	+5 504	+518	+1 764	+3 794	2 250
Sem hlutfall af vergri þjódarframleiðslu, markaðsvirði								
Tekjur	27,1	25,7	26,7	26,5	26,8	26,3	28,3	29,5
Útgjöld	26,9	26,0	29,1	30,4	26,5	27,0	28,6	29,6
Rekstrarjöfnuður	0,2	+0,3	+2,3	+3,9	0,3	+0,7	+0,3	+0,1
Greiðslujöfnuður	0,2	+0,3	+2,4	+2,9	+0,2	+0,5	+0,7	0,3

1) Lán hjá Seðlabanka ekki meðtalin.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 5. Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961—1979.

	Alls		Íslenskir ríkisborgarar			Erlendir ríkisborgarar			
	Aðfluttir umfram brottflutta	Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir umfram brottflutta	Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir umfram brottflutta	Aðfluttir	Brottfluttir
1961—65 meðaltal ...	+212	632	844	+179	203	382	+33	429	462
1966—70 meðaltal ...	+650	696	1 346	+585	262	847	+65	434	499
1971—75 meðaltal ...	+4	1 346	1 350	+150	883	1 033	146	463	317
1976—79 meðaltal ...	+821	1 448	2 269	+841	1 017	1 858	20	431	411
1961 ¹⁾	+593	657	1 250	+194	257	451	+399	400	799
1962	+193	493	686	+170	184	354	+23	309	332
1963	+78	727	805	+124	255	379	46	472	426
1964	+98	643	741	+203	176	379	105	467	362
1965	+99	640	739	+203	143	346	104	497	393
1966	32	742	710	+56	274	330	88	468	380
1967 ²⁾	+6	862	868	+111	242	353	105	620	515
1968	+399	756	1 155	+422	216	638	23	540	517
1969 ³⁾	+1 315	493	1 808	+955	229	1 184	+360	264	624
1970	+1 564	628	2 192	+1 380	348	1 728	+184	280	464
1971	+172	1 221	1 393	+308	858	1 166	136	363	227
1972	431	1 506	1 075	156	1 037	881	275	469	194
1973	+305	1 125	1 430	+348	743	1 082	43	391	348
1974 ²⁾	351	1 614	1 263	80	982	902	271	632	361
1975	+326	1 265	1 591	+329	806	1 135	3	459	456
1976	+1 051	1 053	2 104	+995	706	1 701	56	347	403
1977	+1 009	1 358	2 367	+1 167	867	2 034	158	491	333
1978	+700	1 533	2 233	+653	1 141	1 794	+47	392	439
1979	+525	1 848	2 373	+548	1 354	1 902	23	494	471

1) Með brottfluttum 1961 munu vera taldir margir, sem voru farnir af landinu fyrr, en vitneskja fékkst ekki um fyrr en með manntalinu 1960. Einkum munu erlendir ríkisborgarar vera taldir fleiri brottfluttir 1961 en raunverulega var.

2) Mikill aðflutningur erlendra ríkisborgara stafar af komu erlends vinnuafis vegna virkjunarframkvæmda.

3) Samningur Norðurlanda um almannaskráningu kom til framkvæmda 1. október 1969, en samkvæmt honum er sérhver einstaklingur sem er tekinn á almannaskrá í einu aðildarlandi um leið felldur af skrá í því landi sem hann flytur frá. Námsmenn sem fara til Norðurlanda bættust því í tölu þeirra sem teljast brottfluttir og aðfluttir. Þeir námsmenn, sem voru skráðir á Norðurlöndum 1. desember 1979 (rúmlega 1 000), og fjölskyldur þeirra hafa því komið í brottfarartölu en eiga eftir að bætast í tölu aðfluttra síðar.

Heimild: Hagstofa Íslands.